

SALÓME RANNEIG GUNNARSDÓTTIR

### Naggrísir flottur réttur í fjallaborpum Ekvador

• ferðir • bílar • sumar  
**allt** í MIDJU BLADSINS



DAGUR KÁRI PÉTURSSON

### Átta ára ferli að ljúka

Tökum á The Good Heart lokið  
**FÓLK** 22



SÉRBLAÐ FYLGIR

# Europpris

## FRÁBÆR TILBOÐ!

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. júlí 2008 – 199. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MIDVIKUDAGUR

### Mikill heiður

Ólöf Arnalds er fyrsti Íslendingurinn sem býðst að fara á tónlistarráðstefnu World Music Expo.

**FÓLK** 24

### Í fullkomnu óttaleysi

„Nú eru nefnilega úr gildi gengin þau ævafornu sannindi að við ekkert séu yfirvöld jafn hrædd og sína eigin þegna,“ skrifar Einar Már Jónsson.

**Í DAG** 16

### Fullt af eldmóði

Ungt listafólk heldur listahátíðina Eldur í Húnaþingi í vikunni.

**TÍMAMÓT** 18

### Toppliðin á sigurbraut

Valur og KR þurftu að hafa fyrir þremur stigum í Landsbankadeild kvenna í gærkvöldi en voru sem fyrr á sigurbraut.

**ÍPRÓTTIR** 26

### VEÐRIÐ Í DAG



**LÍTIL VÆTA** í dag verður suðaustan 3-8 m/s en stífarí SV- og V-tíl. Bjart NA- og A-tíl og þurr að mestu. Dálítil rigning eða súld SV- og V-lands. Hiti á bilinu 12-20 stig, hlýjast á norðaustanverðu landinu.

**VEÐUR** 4

Nýjung

## Meistara-flokkssúpur

Girnileg nýjung með 2 í pakka. Fæst í næstu verslun.

**Maggi Masterklass**  
MEDMÆLI



**BRAGGAR Á FERÐ** „Hálendisvegirnir eru erfiðir þessum bílum,“ sagði Daninn Peter þegar ljósmyndari Fréttablaðsins hitti hann á Víðistaðatúni í Hafnarfirði í gær. Hópur erlendra ferðamanna ferðast um þessar mundir um landið á Citroën-bröggum.

# Vítahring krónu-bréfa þarf að rjúfa

Hjálpa þarf Seðlabankanum að búa til aðstæður þar sem hægt er að lækka vexti, segja tveir þingmenn Sjálfstæðisflokks. Nýtingu náttúruauðlinda segja þeir geta orðið til að skapa traust á hagkerfinu. Krónan ónýtt verði hún ekki hamin.

**VÍDSKIPTI** Forskot þjóðarinnar liggur í nýtingu náttúruauðlinda segja þingmennirnir Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson. Í opnu viðtali í Markaðnum segja þeir minna bera í milli stjórnarflokka í stóriðjumálum en margir vilji halda. Þeir viðurkenna að hér hafi verið gerð mistök í hagstjórn, svo sem með skorti á stuðningi við stefnu Seðlabankans.

Illugi og Bjarni segja áhrif spákaupmennsku með svonefnd krónubríf skaðleg fyrir hagkerfið hér. „Við verðum að komast út úr þeim vítahring og fá þess í stað erlenda fjármuni í formi langtímafjárfestinga. Ég tel að peningamálastefna Seðlabankans hafi lent í miklum ógöngum,“ segir Illugi og kveður þá stöðu að stýrivextir Seðlabankans

séu nú fyrst og fremst notaðir til að hafa áhrif á gengi krónunnar kalla á endurmat peningamálastjórnarinnar. „Auðvitað er hægt að stöðva verðbólgu með því að drepa hagkerfið með vöxtum en það er ekki ásættanleg niðurstaða.“

Þingmennirnir leggja áherslu á mikilvægi þess að sýna megi fram á að íslenskt hagkerfi horfi ekki fram á langvarandi stöðnunarskeið. „Við hljótum í þessu tilliti að horfa til nýtingar náttúruauðlinda okkar, því þar höfum við sannanlega forskot á aðrar þjóðir,“ segir Bjarni. Þá bendir Illugi á að sigli landið inn í mikla kreppu sé sú hættu fyrir hendi að alþjóðlegir lánveitendur ákveði að lána ekki íslenskum bönkum.

Bjarni og Illugi kalla á næstu 12 til 18 mánuðum eftir sameinuðu

átaki til að taka á þeim vandkvæðum sem hér plaga efnahagslífið, þar sem Seðlabanki og ríkisstjórn geri sitt, bankarnir gætu létt á hagkerfinu með stofnun erlendra dótturfélaga, atvinnurekendur stilli verðhækkunum í hóf og verkalýðshreyfingin sýni áfram ábyrgð.

Umræðu um gjaldmiðil í stað krónunnar segja þeir eðlilega í ljósi mikilla sveiflna hennar. Takist ekki að hemja þær segir Illugi ljóst að skoða verði aðrar leiðir. Bjarni segir að viðurkenna verði hvað óstöðugleiki krónunnar valdi miklum vandkvæðum. Hann segir vafasamt eins og málum sé komið að kostir sjálfstæðrar myntar vegi upp ókostina af sveiflum hennar.

- óká/bih / Sjá Markaðinn

## 8.000 bílum fargað í fyrra: Sífelld yngri bílar í brotajárn

**BÍLAR** Átta þúsund voru settir í úrvinnslu á síðasta ári. Bílar sem settir eru í brotajárn eru sífelld yngri, en árið 2007 var meðalaldur úrvinnslubíla 13,88 ár. Árið 2005 var meðalaldur bíla sem fóru í brotajárn 14,53 ár.

Sé litið til bílasölu á síðustu tíu árum má ætla að árið 2020 verði um 16 þúsund bílum fargað á ári. Bílasala hefur aukist um 97 prósent á tíu árum, en árið 1997 voru 12.551 ökutæki nýskráð hér á landi. Árið 2007 voru nýskráð ökutæki hins vegar 24.800 talsins.

Ef miðað er við meðalaldur úrvinnslubíla í fyrra má gefa sér að flestir þeirra hafi verið af árgærd 1994, en það ár voru þó einungis nýskráðir hér á landi 6.710 bílar.

Stærstur hluti úrvinnslubíla er seldur í brotajárn eftir að búið er að taka úr þeim seljanlega varahluti.

- tg / sjá Allt

## Gísli Örn Garðarsson: Kominn í faðm Bruckheimers

**FÓLK** „Þetta er mun meira framandi en ég bjóst við. Ég hélt að borgin væri vestrænni. Þetta er svona eins og úr 1001 nótt; slöngur, apar og eyðimerkurstormar,“ segir Gísli Örn Garðarsson leikari. Gísli er staddur í Marokkó þar sem tökurlíf hófust á næstu stórmynd framleiðandans Jerry Bruckheimers í gær. Myndin heitir Prince of Persia: The Sands of Time og fer Gísli með eitt af aðalhlutverkunum.

Með önnur aðalhlutverk í myndinni fara Jake Gyllenhaal, Ben Kingsley og Alfred Molina. Gísli verður við tökurlíf með hléum fram í nóvember.

- shs / sjá síðu 30



**GÍSLI ÖRN GARÐARSSON**

Pú færð **16** veiddi vorur á öllum þjónustustöðvum N1



Nú er tíminn til að gera skólainnkaupin, við hlökkum til að sjá þig

Office 1 Superstore



# VIÐ LAGFÆRUM BIRGÐASTÖÐUNA

## GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

Ingvar Helgason og Nissan hafa gert með sér tímamótasamkomulag um stórfellda verðlækkun á nýjum Nissan bifreiðum. Fremur en að lagfæra birgðastöðuna með því að endursenda umframbíla til framleiðanda með tilheyrandi kostnaði, lækkum við verð þeirra tímabundið svo um munar og látum viðskiptavinum okkar njóta þess. Komdu og skoðuðu úrvalið á hlaðinu hjá okkur og tryggðu þér nýjan Nissan.

**100%**  
FJÁRMÖGNUN

**Á NÝJUM BÍL FRÁ NISSAN  
MEÐ 50/50 ÍSLENSKRI OG  
ERLENDRI MYNTKÖRFU**



### Nissan Note Visia

Verð áður: 2.510.000 kr. sjálfskiptur  
Lækkað verð: **2.090.000 kr.** sjálfskiptur  
Á mánuði: 29.524 kr.\*  
Hlutfallstala kostnaðar: 12,53%



**- 420.000 kr.**

**- 340.000 kr.**



### Nissan Micra Visia

Verð: 2.190.000 kr. sjálfskiptur  
Lækkað verð: **1.850.000 kr.** sjálfskiptur  
Á mánuði: 26.165 kr.\*  
Hlutfallstala kostnaðar: 12,55%

**- 500.000 kr.**



### Nissan Tiida Visia+

Verð: 2.890.000 kr. sjálfskiptur  
Lækkað verð: **2.390.000 kr.** sjálfskiptur  
Á mánuði: 33.722 kr.\*  
Hlutfallstala kostnaðar: 12,51%

Verð bílanna miðast við gengi 18. júlí

## 100% fjármögnun á nýjum bíl frá Nissan

Við bjóðum þér að taka allt að 100% lán fyrir nýjum Nissan. Útborgunin er þá engin og mánaðargreiðsla miðast við Bílasamning til 84 mánaða – myntkörfu sem er 50% erlend mynt / 50% íslensk króna. 100% lán er í boði á takmörkuðum fjölda bíla.

\*Í útreikningum á mánaðargreiðslu hvers bíls er miðað við 20% útborgun og 84 mánaða samningstíma. Myntkarfa 50% erlend mynt / 50% íslensk króna.



Ingvar Helgason, Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940  
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	78,83	79,21
Sterlingspund	157,96	158,72
Evra	125,41	126,11
Dönsk króna	16,807	16,905
Norsk króna	15,589	15,681
Sænsk króna	13,245	13,323
Japanskt jen	0,7408	0,7452

SDR	129,09	129,85
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	160,5394	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

## Ólafur Ragnar Grímsson forseti verður viðstaddur lokaathöfn Ólympíuleikanna: Forseti Íslands fer til Kína

**FORSETI** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, mun verða viðstaddur lokaathöfn Ólympíuleikanna í Kína 24. ágúst.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands bauð forsetanum til Kína, sem og forseti Kína, Hu Jintao. Ólafur Ragnar mun heimsækja íslenska íþróttafólkið á leikunum, en hann er verndari Íþrótta- og Ólympíusambandsins.

Stjórnvöld í Kína hafa verið harðlega gagnrýnd af ýmsum mannréttindasamtökum víða um heim í undirbúningi Ólympíuleikanna. Þau hafa sett strangar reglur um hverjir mega og mega ekki vera viðstaddir leikana. Meðal



**TIL KÍNA** Ólafur Ragnar mun heimsækja íslenska íþróttafólkið sem keppir á leikunum.

þeirra sem er það óleyfilegt eru geðfatlaðir.

Þá hafa mótmæli gegn yfirráð-

um Kínverja í Tíbet verið brotin harkalega á bak aftur af kínverskum stjórnvöldum. Blátt bann er lagt við alls kyns mótmælum við leikana.

Frá Kína liggur leið forseta Íslands til Dakka, höfuðborgar Banglades, þar sem Ólafur Ragnar verður ræðumaður á alþjóðlegu þingi um loftslagsbreytingar, gróðurfar og hækkun sjávarborðs.

Þingið sækir fjöldi vísindamanna, sérfræðinga og áhrifa-fólks í alþjóðlegri stefnumótun. Íslenskir sérfræðingar og vísindamenn verða á meðal þátttakenda.

- kóp

## Líkamsrásir um helgina: Barði vinnufélagi með skóflu

**LÖGREGULMÁL** Sjö líkamsrásir voru tilkynntar til lögreglu á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglunni voru þær flestar minni háttar, en nokkrir þurftu þó að leita til slysadeildar.

Í einu málinu höfðu tveir menn verið við vinnu þegar annar reiddist hinum og barði hann með skóflu. Maðurinn sem varð fyrir skóflunni féll í jörðina en að sögn lögreglu er ekki vitað hversu alvarlega hann slasaðist.

Þá handarbrotnaði kona aðfaranótt sunnudags þegar farsíma var kastað í hana.

- þeb



**ÞÓR VILHJÁLMSÓN** Vinnslustöðin er að auglýsa eftir fólki í vinnu nú þegar viðast hvar krepur áð.

## Vantar fiskvinnslufólk í Eyjum: Engin þensla og engin þynnka

**SIÁVARÚTVEGUR** „Við fengum enga þenslu á landsbyggðinni svo við fáum heldur enga timburmenn af henni,“ segir Þór Vilhjálmsson, starfsmannastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Þrátt fyrir mikinn niðurskurð í þorski og hækkun olíuverðs sem gert hefur mörgum útgerðum erfitt fyrir er Vinnslustöðin nú að auglýsa eftir fólki til vinnu.

„Okkur vantar fólk í snyrtingu,“ segir Þór. „Það er ekki alveg ákveðið hvað við tökum marga. Við auglýstum í Morgunblaðinu um helgina en það hefur enginn hringt svo atvinnuástandið er greinilega gott.“

Hann segir að vissulega finni menn í Vinnslustöðinni fyrir niðurskurðinum eins og aðrir. „En við erum með kvóta fyrir aðrar tegundir en þorsk eins og ufsa, ýsu, karfa og svo erum við að klára humarvertíð. Þannig að það er bara nóg að gera.“

- jse

### BANDARÍKIN

#### Gegn olíuspákaupmennsku

Bandaríkjaþing hefur samþykkt áætlun demókrata um aðgerðir til að sporna við spákaupmennsku með olíu. Demókratar telja spákaupmennsku eiga stóran þátt í olíuverðshækkunum undanfarið.

# Telja störf á ábyrgð lækna ekki standast

Formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga telur að ákvæði um að heimilislæknar beri ábyrgð á störfum hjúkrunarfræðinga samrýmist ekki lögum. Heilbrigðisráðherra segir að hjúkrunarfræðingar beri faglega ábyrgð á hjúkrun.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Læknar og hjúkrunarfræðingar eru lögum samkvæmt tvær jafngildar stöðir heilbrigðisþjónustunnar og hvorug stendur faglega ofar hinni,“ segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Samningur Læknafélags Íslands og heilbrigðisráðherra um þjónustu heimilislækna utan heilsugæslustöðva gerir ráð fyrir að á heimilislækna-stöð starfi hjúkrunarfræðingur og aðrir heilbrigðisstarfsmenn eftir atvikum.

Heimilislæknir beri ábyrgð á störfum sem starfsmenn annast í hans nafni.

„Við teljum að þetta samrýmist ekki nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu sem voru sett á síðasta ári,“ segir Elsa.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefur lýst yfir að stefnt sé að svipuðum samningum við sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga.

„Ég velti fyrir mér hvort þá sé verið að tala um heilsugæslustöðvar sem starfa undir verksviði og stjórn hjúkrunarfræðinga sem síðan gætu ráðið til sín lækni.“



**HEILSUGÆSLA** Formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga segir að verkefni heilbrigðisstétta skarist á heilsugæslunni en hjúkrunarfræðingar leiði heilsuvernd.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég vil alls ekki útiloka að gera slíka samninga en þá þarf að gæta þess að virðing sé borin fyrir sérhæfni annarra heilbrigðisstétta.“

Elsa bendir einnig á að þrátt fyrir að verkefni heilbrigðisstétta skarist vissulega á heilsugæslustöðvum hafi hjúkrunarfræðingar þar verið leiðandi í heilsuvernd og sinni veigamiklum verkefnum á borð við ungbarnavernd.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra segir ljóst landslögum samkvæmt að hjúkrunarfræðingar beri faglega ábyrgð á hjúkrun. Því standi ekki til að breyta.

„Læknar geta ráðið til sín starfsfólk en það breytir því ekki að það eru hjúkrunarfræðingar sem bera faglega ábyrgð á hjúkrun,“ segir Guðlaugur.

helgat@frettabladid.is

## Maóistar úr stjórnarmyndun: Nepal í stjórnarkreppu

**NEPAL, AP** Maóistar, stærsti stjórnámáflakkur Nepals, tilkynntu í gær að þeir hygðust ekki taka þátt í stjórnarmyndun eftir að



**RAMRAJA PRASAD SINGH** forsetafram-bjóandi þeirra, Ramraja Prasad Singh, beið ósigur í kosningu Nepalsþings í fyrradag.


Nepalskra stjórnámáflakka biður erfitt verkefni við myndun nýrrar ríkisstjórnar og samningu nýrrar stjórnarskrár eftir að nepalska konungsveldið var lagt niður í maí.

Maóistar hófu friðsamlega þátttöku í stjórnámálum árið 2006 eftir að hafa hætt uppreisn sem kostað hafði þrettán þúsund manns lífið.

- gh

## Írak og Þýskaland: Al-Maliki heim-sækir Þjóðverja

**ÞÝSKALAND, AP** Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, ræddi í gær við Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, í



**ANGELA MERKEL** Berlín. Hyggjast leitögarnir styrkja efnahagsleg tengsl ríkjanna.

Þjóðverjar voru mótfallnir innrásinni í Írak árið 2003, en hafa síðan stutt við uppbyggingu efnahags- og öryggissveita Íraka. Þeir hafa sögulega verið meðal mikilvægustu viðskiptavina Íraka.

Útflutningur Þjóðverja til Íraks eykst nú hröðum skrefum. Á síðasta ári nam hann jafnvirði rúmlega fjörutíu milljarða króna.

- gh

**Betri fyrir bakið**  
Mimo töskur 4.990 kr.

**Office 1 Superstore**

**VEÐURSPÁ**

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**FLOTTAST Á AUSTURLANDI**  
Horfur eru á dálitilli rigningu eða súld á sunnan og vestanverðu landinu í dag og skúrum á köflum þar á morgun. Þurrast að mestu annars staðar en horfur eru á þurru veðri á landinu öllu á föstudag.

Á MORGUN Suðlægar áttir, 3-8 m/s.

FÖSTUDAGUR Austlægar áttir, 3-8 m/s.

**HEIMURINN**

Kaupmannahöfn	22°
Billund	22°
Ósló	26°
Stokkhólmur	23°
Gautaborg	23°
London	25°
Paris	27°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	19°
Berlín	26°
Alicante	28°
Mallorca	28°
Basel	23°
Eindhoven	21°
Las Palmas	24°
New York	29°
Orlando	32°
San Francisco	22°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig er í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



vörurnar fást í Bónus!

**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**

# Sumar, sól og grill!

**Grill-lambalærissneiðar,  
1. flokkur (miðlærissn.)  
frá Kjarnafæði**

**1.918** kr./kg.

Merkt verð 2.398 kr./kg

**Grill-lambafram-  
partssneiðar  
frá Kjarnafæði**

**969** kr./kg.

Merkt verð 1.292 kr./kg

**Einungis úr  
miðlærinu!**



20% afsláttur



25% afsláttur

**BBQ-grísakótilettur  
frá Kjarnafæði.**

**1.189** kr./kg.

Merkt verð 1.698 kr./kg.

**Víkingasteik, beinlaus  
frá Kjarnafæði.**

**1.298** kr./kg.

Merkt verð 1.442 kr./kg.

**Búðingstvenna  
frá Kjarnafæði.**

**489** kr./kg.

Merkt verð 699 kr./kg.



30% afsláttur



10% afsláttur



30% afsláttur

**BONUS**

Opið:  
Mán. - fim. 12:00 - 18:30  
Fös. 10:00 - 19:30  
Lau. 10:00 - 18:00  
Sun. 12:00 - 18:00



Finnst þér að endurreisa eigi Þjóðhagsstofnun?

Já 62%  
Nei 38%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú fylgjandi því að akstur Strætós verði boðinn út til einkaaðila?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Margra mánaða bið eftir afgreiðslu byggingarleyfis í Bolungarvík:

# Þrjú fyrirtæki orðin langeyg eftir lóð

**SKIPULAGSMÁL** „Við höfum stundum sagt það í gríni að það er svo langt síðan byggt hefur verið í Bolungarvík að það er búið að gleyma því hvernig á að veita byggingarleyfi,“ segir Hrólfur Vagnsson hjá sjóstangveiðifyrirtækinu Kjarnabúð. Þar eru menn orðin langeygir eftir byggingarleyfi fyrir 20 hús í bænum fyrir atvinnureksturinn en erindið var lagt inn í apríl.

Hann segir mikið í húfi því fyrirtækið hafi gert 400 milljóna króna samning við þýsku ferðaskrifstofuna Kingfisher Reisen og samkvæmt honum eigi tíu hús að verða tilbúin næsta vor þar sem sjóstangveiðimennirnir munu hafa aðsetur. Hann segir að fyrirtækið bíði með að selja í ferðirnar þar til öruggt sé að leyfið fái en eftirspurnin sé næg. Hann undrast hið mikla skriffræði sem þurfi í svo fámennu sveitarfélagi.

„Þetta ferli hefur ekki tekið neitt óeðlilega langan tíma,“ segir Elías Jónatansson bæjarstjóri. „Þannig er mál með vexti að það er sótt um byggingarleyfi á reitum sem ekki voru ætlaðir fyrir þessa starfsemi. Það þýðir að það þarf að gera breytingu á aðalskipulagi og síðan á deiliskipulagi. Lögin eru afar skýr hvað þetta varðar og við verðum að fara eftir þeim en sveitarfélagið hefur gert allt til að flýta ferlinu. Það gerir þetta einnig torveldara að tvö önnur fyrirtæki í sama atvinnurekstri og Kjarnabúð hafa sótt um lóð og því þarf að haga málum þannig að fulls jafnræðis sé gætt.“ Erindi eins þessara fyrirtækja var lagt inn í febrúar og hefur enn ekki verið afgreitt.

Hann segir ekki hægt að segja um það á þessari stundu hvenær erindið verði afgreitt.

- jse



**HÖFNIN Í BOLUNGARVÍK** Sjóstangveiði er atvinnugrein í miklum vexti fyrir vestan en athafnamanni í þeim geira þykir yfirvaldið helsti seint í snúningum til að halda í við þróunina.



Gnóðarvogi 44, s. 588 8686.

## Glænýr viltur lax

### Úrval fiskrétta á grillið

**Óbreytt fiskverð frá áramótum**



**opið**  
mán-fös 10-18:15  
og lau 11-14:00

# Málverk af Bjarna Ben. upp og niður

Málverk af Bjarna Benediktssyni var tekið niður skömmu eftir að 100 daga-meirihlutinn tók við völdum. Fór upp aftur skömmu síðar. R-listinn lét taka myndina niður árið 1995. Vilhjálmur Þ. spyr hvort endurtaka hafi átt leikinn.

**REYKJAVÍK** Málverk af Bjarna Benediktssyni var tekið niður úr Höfða og komið fyrir í geymslu í Listasafni Reykjavíkur skömmu eftir að 100 daga-meirihlutinn tók við völdum. Reykjavíkurlistinn tók málverkið niður þegar hann komst til valda árið 1994. Enginn kannast við að hafa beðið um að málverkið yrði fjarlægð nú.

Samkvæmt upplýsingum frá Listasafni Reykjavíkur og starfsfólki Höfða, var málverkið tekið niður skömmu eftir að 100 daga-meirihlutinn tók við völdum. Málverkið var hengt upp aftur 5. nóvember.

Gunnar Már Pétursson hjá Listasafninu staðfestir að málverkið hafi borist safninu og verið komið fyrir í geymslu. Ekki hafi verið þörf á viðgerð á því.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í 100 daga-meirihlutunum, segist ekki hafa beðið um að málverkið yrði tekið niður. „Þvert á móti. Ég heyrði af hugmyndum um að hreyfa málverk borgarinnar til, þar á meðal þetta. Ég bað um að Bjarni fengi að hanga uppi því mér fannst valdataka okkar snúast um framtíðina en ekki fortíðina,“ segir Dagur.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrrum borgarstjóri, hélt athöfn þegar málverkið var hengt upp aftur í Höfða að valdatíð R-listans lokinni. „Ég lét það verða eitt af mínum



**MÁLVERKIÐ FRÆGA** Málverkið af Bjarna Benediktssyni barst víða um heim á myndum af leiðtogafundi Reagans og Gorbatsjov í Reykjavík árið 1986.



**VILHJÁLMMUR Þ. VILHJÁLMSOON** fyrstu verkum að koma málverkinu á sinn stað, enda er það hluti af sögulegu umhverfi merkisatburðar,“ segir Vilhjálmur.



**DAGUR B. EGGERTSSON** hafi verið að taka málverkið niður

aftur eins og R-listinn gerði, en síðan hafi menn heykst á því.“

Svandís Svavarsdóttir, Margrét Sværisdóttir og Björn Ingi Hrafnsson, aðrir oddvitar meirihlutans, kannast ekki við að ákveðið hafi verið að taka málverkið niður. Þvert á móti hafi verið rætt um það innan meirihlutans að feta ekki í fótspor Reykjavíkurlistans sem lét fjarlægja málverkið. „Hins vegar finnst mér orka tvímælis að málverk af einum pólitískum borgarstjóra Reykjavíkur hangi uppi á þessum tiltekna stað,“ segir Svandís.

kolbeinn@frettabladid.is

## Tilvalið í ferðalaginu

Án viðbætts sykurs!      Án viðbætts salts!




Kjarngóð næring í þægilegum umbúðum barnamatgur.is

## Sumartónleikar ársins í boði Iceland Express

# Buena vista social club



➤ Vodafonehöllinni 24. júlí  
Miðasala á midi.is



## Iceland Express

með ánægju



Hvernig er ódýrast að kaupa hluti á Íslandi?

## Að panta á netinu getur borgað sig

Landinn er ólmur í að panta dót á netinu. Þar kemur vefsíðan Amazon sterk inn. Með hækkanði gengi erlendra gjaldmiðla verður þó sífellt óhagstæðara að stunda þessi viðskipti. Ben frá New York skrifaði icelandreview.com, sem skrifaði okkur: *Ég ætla að flytja til Íslands frá New York og búa þar í að minnsta kosti eitt ár. Hver er besta/óðýrasta leiðin til að kaupa hluti á Íslandi? Hvernig stenst til dæmis verðið hjá Amazon samanborið við verð í íslenskum verslunum?*

Þótt vara sé yfirleitt ódýrari hjá Amazon en í íslenskum verslunum segir það ekki alla söguna. Áður en þú getur handleikið það sem þú keyptir þarftu að bæta við sendingarkostnaði til Íslands, tolli (0-15 prósent), virðisaukaskatti (vsk - 7-24,5 prósent) og tollmeðferðargjald (450 kr. á hverja sendingu). Reiknivél til að finna út úr þessu er á heimasíðu Tollsins, [tollur.is](http://tollur.is).

Svo mikið magn af pökkum fer þó í gegnum tollinn á Íslandi að það vill henda að þú fáið pakkann heim að dyrum og sleppir við öll gjöld. Þú getur litið á það sem happdrættisvinning.

Munurinn á að panta á netinu eða í búð getur stundum þýtt verðlækkun, en hann þýðir auðvitað líka bið. Pakkar frá Amazon eru nokkra daga og upp í tvær vikur að berast þér.

Hér er lítil verðkönnun á þremur hlutum. Hún segir kannski ekki alla söguna, en gefur hugmynd um muninn á að panta á netinu og að kaupa hlutina á Íslandi. Til að hafa vaðið fyrir neðan sig borgar sig auðvitað að kynna sér verðið og vona svo að gengið hrynji ekki á meðan beðið er eftir pakknum. Einnig borgar sig að panta meira en einn hlut í einu því tollmeðferðargjaldið er lagt á hverja sendingu óháð innihaldi.

**1000 Places To See Before You Die (bók)** Hjá Amazon.com með sendingarkostnaði: 1.700 kr. (21.55 USD) + gjöld hjá Tollinum: 569 kr. (7% vsk + 450 kr. meðferðargjald) Samtals komið frá Amazon: 2.269 kr. Eymundsson: 2.365 kr. **Þú sparar 96 kr. með því að versla á Amazon.com.**

**Coldplay - Viva la Vida (diskur)** Hjá Amazon.com með sendingarkostnaði: 1.300 kr. (16.47 USD) + gjöld hjá Tollinum: 680 kr. (10% tollur, 7% vsk + 450 kr. meðferðargjald) Samtals komið frá Amazon: 1.980 kr. Hagkaup: 1.999 kr. **Þú sparar 19 kr. með því að versla á Amazon.com.**

**The Simpsons, 10. sería (dvd-diskar)** Hjá Amazon.com með sendingarkostnaði: 3.513 kr. (44.47 USD) + gjöld hjá Tollinum: 1.748 kr. (10% tollur, 24,5% vsk + 450 kr. meðferðargjald) Samtals komið frá Amazon: 5.261 kr. Hagkaup: 4.999 kr. **Þú tapar 262 kr. með því að versla á Amazon.com.**



**DR. GUNNAR** neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á [neytendur@frettabladid.is](mailto:neytendur@frettabladid.is)

# FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM

**TILBOÐ!**

**Pablo**

Fjölstillanlegt þýskt  
heilsurúm með heilsudýnu  
(2x80x200)

**kr. 315.000**

**TILBOÐ!**

**Francisco**

Fjölstillanlegt þýskt  
heilsurúm með heilsudýnu  
(2x90x200)

**kr. 499.000**

# JÚLÍTILBOÐ!



EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF SVEFNSÓFUM



COMFORT  
solutions®

By King Koil®

**AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆDAFLOKKI.**

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).

Amerískar  
heilsudýnur  
(Queen size 153x203)

**Frá kr. 99.000**



FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM  
FRÁ ÞÝSKALANDI OG USA  
MIKIÐ ÚRVAL!



# rekkjan

## VEISTU SVARID?



- 1 Hvaða götur í Reykjavík er áformað að leggja í stökk?
- 2 Hverjir tóku við þjálfun ÍA í knattspyrnu á dögnum?
- 3 Hvar mótmæltu meðlimir Saving Iceland á mánudaginn?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30

Stjórnarmaður Orkuveitu segir krónuna skapa fyrirtækinu mikil vandræði:

## Eiginfjárstaða versnað mikið

**ORKA** „Eiginfjárstaða Orkuveitu Reykjavíkur fór úr 46 prósentum og niður fyrir 30 á tímabili, vegna gengishrunsins,“ segir Sigrún Elsa Smáradóttir, stjórnarmaður Orkuveittunnar (OR).

Íslenski gjaldmiðillinn skapi mikla óvissu í rekstri og skuldir fyrirtækisins hafi magnast upp þegar krónan féll.

Greint hefur verið frá því í Fréttablaðinu að gengishrunið hafi kostað OR tugi milljarða frá áramótum. Nákvæmari tölur fást ekki fyrr en eftir að sex mánaða uppgjör fyrirtækisins verður birt í byrjun ágúst, segir Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orku-



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR



HJÖRLEIFUR B. KVARAN

veittunnar. „Hún er betri en í mörgum fyrirtækjum. En við

erum í sömu vandræðum og aðrir,“ segir hann.

Sigrún Elsa bað fjármálastjóra fyrirtækisins fyrir nokkru að gera grein fyrir þeim kostnaði sem Orkuveitan ber af krónunni.

„Miðað við áætlanir lítur út fyrir að við komum til með að fá um 75 prósent tekna í íslenskum krónum í framtíðinni. Verðtryggð lán í krónum, með þessa háu vexti, eru hins vegar ósamþæfing við erlend lán. Því erum við í þessari þrú og verðum að taka erlend lán með gengisáhættu,“ segir hún. „Og það felur í sér þessar óþolandi sveiflur í rekstri.“

- kóp

Efling búsetuúrræða fatlaðra:

## 800 milljónir í búsetuúrræði

**FÉLAGSMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, hefur staðfest tillögur Framkvæmdasjóðs fatlaðra um úthlutun úr sjóðnum fyrir árið 2008. Alls var 1.032,5 milljónum króna úthlutað. Um 800 milljónum króna verður varið til uppbyggingar búsetuúrræða fyrir fatlaðra og bættrar aðstöðu.

Alls fara 595 milljónir króna í verkefni tengd Straumhvörfum en það er átaksverkefni um eflingu þjónustu við geofatlaða. Tæpum 200 milljónum króna verður varið til uppbyggingar búsetuúrræða fyrir aðra hópa fatlaðra og bættrar aðstöðu.

- vsp



SÓMALÍA Stríðsherrar ráða ríkjum í Sómalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hungursneyð í Austur-Afríku:

## Fjórtán milljónir hjálparþurfi

**AFRÍKA, AP** Meira en fjórtán milljónir manna í Austur-Afríku reiða sig á matvælaaðstoð sökum hækkandi matvælavæðs og þurrka á svæðinu, að sögn talsmanna matvælaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna.

Astandið er sérstaklega slæmt í Eþíópíu og Sómalíu sem eru meðal fátækustu ríkja heims.

Erfitt hefur reynst að aðstoða fólk í Sómalíu. Landið hefur í raun verið stjórnlaut frá því að sósíalískum einræðisherra var steypt af stóli árið 1991. Fimm hjálparstarfsmenn hafa verið myrtir þar á árinu og fleirum rænt fyrir lausnargjald.

- gh

## REYKJAVÍK

## Trjásamningi Gísla rift

Samningur sem Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar, undirritaði við Skógræktarfélag Reykjavíkur í júní uppfyllir ekki efniskröfur og verður dreginn til baka, að sögn Vísis.is.

## FERÐAMENNSKA

## Martha fór í lónið

Bandaríska sjónvarpsstjarnan Martha Stewart fór í gær í Bláa lónið ásamt fylgdarliði sínu. Samkvæmt vefsíðu Víkurfréttanna snæddi hún einnig hádegisverð á Lava, veitingastað lónsins, auk þess sem hún tilkynnti að hún hefði notað húðvörur Bláa lónsins árum saman.

## Efld ímynd Obama í utanríkismálum

Barack Obama er nú á ferðalagi um Mið-Austurlönd og Evrópu sem, að minnsta kosti að hluta til, er ætlað að efla ímynd hans í utanríkismálum. Forsetaframbjóðandinn leggur áherslu á pólitíska lausn í Írak.

**JÓRDAN, AP** Barack Obama, forsetaframbjóðandi Demókrataflokkans í Bandaríkjunum, er nú á ferðalagi um Mið-Austurlönd og Evrópu. Ferðalaginu er ætlað að efla ímynd Obama í utanríkismálum. Margir telja meiri pólitíska reynslu Johns McCains, frambjóðanda Repúblikanaflokksins, veita honum forskot í utanríkismálum.

Obama heimsótti fyrst Afganistan þar sem hann ræddi meðal annars við Hamid Karsaí, forseta Afganistans. Obama hefur lagt til að herafli Bandaríkjamanna í Afganistan verði aukinn til að berjast gegn hryðjuverkamönnum sem eiga aðsetur á landamærum Afganistans og Pakistans.

Obama flaug næst til Íraks þar sem hann ræddi meðal annars við Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, og ættbálkaleiðtoga sem hafa barist gegn liðsmönnum hryðjuverkasamtakanna al-Kaída í Írak. McCain hefur sagt Obama hafa lítinn skilning á málefnum Íraks, en McCain hefur sjálfur heimsótt Írak átta sinnum síðan Íraksstríðið hófst.

Obama ítrekaði það markmið sitt að draga herafli Bandaríkjamanna frá Írak innan sextán mánaða frá því hann yrði kjörinn forseti, náði hann kjöri. Það var nokkur sigur fyrir Obama að írösk stjórnvöld tóku undir að herafli Bandaríkjamanna ætti að vera farinn frá Írak árið 2010. David Petraeus, yfirmaður herafli Bandaríkjanna í Írak, hefur þó lýst sig andvígum því að setja tímaramma fyrir brottför bandaríks herafli frá Írak.



**BLAÐAMANNAFUNDUR Í JÓRDANÍU** Fyrir aftan Barack Obama sitja þingmennirnir Jack Reed og Chuck Hagel sem fylgt hafa honum á ferðalögum hans. Í bakgrunni er Amman, höfuðborg Jórdaníu. NORDICPHOTOS/AFP

Næsti viðkomustaður Obama var Jórdanía þar sem hann ræddi við Abdullah Jórdaníukonung. Hann hélt þar blaðamannafund þar sem hann ræddi stöðu Ísraels og Palestínu. Hét hann því að vinna að friðsamlegri sambúð sjálfstæðra ríkja Ísraels og Palestínu.

Hann hélt seinni partinn í gær áleiðis til Ísraels þar sem hann ræddi meðal annars við Ehud

Olmert, forsætisráðherra Ísraels. Hann mun einnig heimsækja Vesturbakkann í Palestínu og ræða við Mahmoud Abbas, forseta palestínsku heimastjórnarinnar.

Obama mun á næstu dögum heimsækja Þýskaland, Frakkland og Berlín. Hann mun halda ræðu í miðborg Berlínar á morgun sem búist er við að þúsundir muni hlýða á.

gunnlaugurh@frettabladid.is

Viðamiklar vegaförkvæmdir: Norðausturland tekið í gegn

**SAMGÖNGUR** Viðamiklar vegaförkvæmdir standa nú yfir á Norðausturlandi. Helstu verkefni eru nýr vegur yfir Melrakka-sléttu, nýr vegarkafli milli Vopnafjarðar og Hringvegjar og á Hringvegi við Arnórstaðamúla. Einnig verður hafist handa við nýjan Dettifossveg vestan Jökulsár á Fjöllum.

Stærsta framkvæmdin er nýbygging á um 56 kílómetra vegi milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar um Hólaheiði og Hólfaskarð, með tengingu til Raufarhafnar.

Nýr vegur verður einnig byggður á 44 kílómetra leið milli Hringvegjar og Vopnafjarðar.

- vsp

Lögreglan í Portúgal:

## Rannsókn hætt á barnshvarfi

**PORTÚGAL, AP** Lögreglurannsókn á hvarfi bresku stúlkunnar Madeleine McCann í Portúgal hefur verið hætt. Lögreglan í Portúgal segist engin ummerki hafa fundið um að glæpur hafi verið framinn.

Rannsókn málsins hefur staðið yfir í fjórtán mánuði. Madeleine var rétt að verða fjögurra ára gömul þegar hún hvarf á ferðamannastað í Portúgal í maí árið 2007. Foreldrar hennar höfðu skilið hana eftir á hótélherbergi sínu meðan þau brugðu sér frá í kvöldmat.

Hvarf hennar vakti heimsatryggingu og beindist grunur meðal annars á tímabili að foreldrum hennar.

- gb




MADELEINE MCCANN

**-2 krónur í Vík í Mýrdal í dag!**

Afsláttur er veittur af almennu verði Orkunnar sem er 172,1 kr. á 95 okt. bensíni og 190,0 kr. á dísel.

M.v. verð 23. júlí 2008.



Sparaðu hjá Orkunni í dag!

www.orkan.is



SPÁDU Í HVAD ÞÚ SPARAR!



**ALLT AÐ  
40% AFSLÁTTUR**



Fellsmúla - Reykjavík  
Njarðarbraut - Reykjanesbæ

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## RÝMINGARSALA Á GRILL & GARÐVÖRU



VERÐ ÁÐUR:  
~~9594~~  
**7990**  
HÁPRÝSTIÐÆLA 60 BAR



VERÐ ÁÐUR:  
~~2495~~  
**1950**  
SLÁTTUORF 200W



VERÐ ÁÐUR:  
~~19.990~~  
**12.990**  
SLÁTTUORF, BENSÍN



VERÐ ÁÐUR:  
~~7995~~  
**5995**  
SLÁTTUORF 500W



VERÐ ÁÐUR:  
~~11.988~~  
**9950**  
LAUFSUGA, BLÁSARI

VERÐ ÁÐUR:  
~~27.995~~  
**21.995**  
SLÁTTURVÉL, BENSÍN - 1800W



VERÐ ÁÐUR:  
~~7995~~  
**5995**  
HJÓLBÖRUR - VANDAÐAR



VERÐ ÁÐUR:  
~~5900~~  
**3995**  
HEKKKLIPPUR, RAFMAGNS



VERÐ ÁÐUR:  
~~15.950~~  
**12.950**  
SLÁTTURVÉL, RAFMAGNS - 1400W



VERÐ ÁÐUR:  
~~299~~  
**179**  
GARÐKLÓRA

VERÐ ÁÐUR:  
~~299~~  
**179**  
GARÐSKÓFLA



VERÐ ÁÐUR:  
~~12.990~~  
**9.990**  
KEÐJUSÓG, RAFMAGNS



VERÐ ÁÐUR:  
~~6950~~  
**5995**  
ÚÐABRÚSI 15L

VERÐ ÁÐUR:  
~~2459~~  
**1959**  
ÚÐABRÚSI 5L



VERÐ ÁÐUR:  
~~1668~~  
**1299**  
15M GARÐSLANGA  
MEÐ STÚT OG TENGJUM



Tilboðsverð:  
**449.900** \*  
NUDDPOTTUR

Stærð 203cm x 197cm x 90cm / 2 vatnsnuddælar, 2hö og 1 hö.  
21 vatnsnuddstútar / Digital stjórnborð, stýrir nudddælum,  
hitastýringu, hreinsikerfi og ljósum / Ozone hreinsikerfi og 3kw hitari  
4 LED ljós í skel / Einangruð skel og lok, lágmarks hitatap.  
Verð: 499.900

\* Sérskilmálar



VERÐ ÁÐUR:  
~~12.990~~  
**9990**  
GASGRILL

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

## RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888  
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ:  
Mánud. til föstud. kl 9 - 18  
Laugard. kl 10 - 17

# Hluthafafundur

**Hluthafafundur í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON) verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík, miðvikudaginn 6. ágúst 2008, kl. 17.00.**

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum á fundarstað á fundardegi frá kl. 16.00. Við afhendingu atkvæðaseðla verður miðað við hluthafaskrá kl. 9.00 að morgni fundardags.

## Dagskrá:

1. Tillaga stjórnar um samruna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON) við Kaupþing banka hf., svohljóðandi: „Hluthafafundur í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf., haldinn 6. ágúst 2008, staðfestir samrunaáætlun stjórnar félagsins og Kaupþings banka hf. frá 1. júlí 2008 og þar með samruna félagsins og Kaupþings banka hf. á grundvelli ákvæða hennar.“ Í tillögunni felst að SPRON skuli slitið án skuldaskila og Kaupþing banki hf. yfirtaki eignir og skuldir SPRON á grundvelli ákvæða XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Samruninn er bundinn þeim skilyrðum að hluthafafundur í SPRON samþykki hann, að Fjármálaeftirlitið samþykki hann og að samkeppnisyfirlönd ógildi hann ekki eða setji honum skilyrði sem stjórnir félagsins telja óviðunandi eða leiði til þess að óhjákvæmilegt sé að leggja ákvörðun um hann að nýju fyrir hluthafafund í SPRON. Hið sameinaða félag skal taka við rekstri, eignum og skuldum, svo og réttindum og skyldum SPRON þegar ofangreind skilyrði hafa verið uppfyllt. Við samrunann fá hluthafar í SPRON 0,002007864 hluti í Kaupþingi banka hf. og 0,305585106 hluti í Exista hf. sem endurgjald fyrir hvern hlut að nafnverði ein króna í SPRON. Að öðru leyti er vísað til samrunaáætlunar sem var samþykkt af stjórnnum félagsins 1. júlí 2008.
2. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar, sem geta ekki mætt á fundinn, geta greitt atkvæði rafrænt á slóðinni [www.spron.is/kosningar](http://www.spron.is/kosningar). Til þess að geta greitt atkvæði rafrænt þurfa hluthafar að skrá sig fyrir kl. 16.00 þann 30. júlí 2008 og munu þeir þá fá afhentan veflykil. Rafræn atkvæði þurfa að berast fyrir kl. 16.00 þann 31. júlí 2008. Hluthafar geta skráð sig fyrir rafrænni kosningu í höfuðstöðvum SPRON að Ármúla 13a, 108 Reykjavík, með því að sýna fullgild persónuskilríki. Rafræn atkvæði verða eingöngu tekin til greina ef sá sem greiðir atkvæði er skráður hluthafi í hlutaskrá félagsins kl. 9.00 að morgni hluthafafundardags. Ef hluthafi, sem greitt hefur atkvæði rafrænt, mætir jafnframt á fundinn verður hið rafræna atkvæði ekki talið með.

Dagskrá fundarins liggur frammi til sýnis að Ármúla 13a í Reykjavík og eins má nálgast hana á heimasíðu SPRON, [spron.is](http://spron.is).

Stjórn SPRON hf.



Fjöldi fólks í Texas bjó sig undir hamfaraveður í gær:

## Fellibylur nálgast

**BANDARÍKIN, AP** Yfirvöld í Texas hafa beðið íbúa á stórum svæðum að búa sig undir brottför frá heimilum sínum eða að byrgja sig inni vegna fellibyls sem nálgast Texas og Mexíkó í gær.

Áætlað var að vindhraði fellibylsins Dolly næði yfir hundrað og tuttugu kílómetrum á klukkustund.

Yfirvöld í Bandaríkjunum hafa sent hermenn á hættusvæðin. Þau eru þó hikandi við að fyrirskipa rýmingu. Þegar fellibylurinn Rita gekk yfir Texas árið 2005 létust fleiri af völdum hita og bíslýsa í flotta frá hættusvæðum en í sjálfu óveðrinu.



**BYRGJA HÚS** Margir íbúar í Texas hafa byrgt hús sín fyrir komu fellibylsins.

- gh

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**UM BORD Í NIRÐI** Hrefnuveiðimenn eru nú hálfnaðir með kvótann en Njörður kom með fjórar hrefnur að landi í síðustu viku.

MYND/GUNNAR BERGMANN

Erlendir fjölmiðlar sýna hvalveiðum mikinn áhuga:

## Fréttamenn vilja í róður

**SJÁVARÚTVEGUR** „Við höfum aldrei fundið fyrir jafn miklum áhuga hjá erlendum fjölmiðlamönnum fyrir því að fá að koma með í róðra hjá okkur,“ segir Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri Félags hrefnuveiðimanna.

Hann segir sjónvarpsfréttamenn og blaðamenn frá Spáni, Sviss, Þýskalandi, Frakklandi, Svíþjóð, Japan og fleiri löndum hafa haft samband við sig í þessum tilgangi. „Oftast er þetta fjölmennt lið og aðstæður á Nirði bjóða ekki upp á að við tökum það með. Svo erum við ekkert ginnkeyptir fyrir því að taka við fjöl-

miðlafólki frá þessum ríkjum þar sem almenn andstaða er við hvalveiðar og láta það síðan nota myndefni í áróðri gegn hvalveiðum Íslendinga. Þannig að við höfum ekki tekið við þeim hingað til.“

Nýtt met var slegið á föstudag en þá kom Njörður með fjórar hrefnur að landi. Þá eru þær orðnar 23 sem veiddar hafa verið í ár af þeim 40 sem kveðið er á um í heimild sjávarútvegsráðherra.

Gunnar segir söluna hafa gengið vel. „Við erum búnir að selja ígildi 17 dýra,“ segir hann.

- jse

## Góðir ferðafélagar í sumar

### Millet Hiker

Vinsæll dagpoki með regnvörn. Frábær hönnun og vel útbúinn. Fáanlegur í 3 litum.



**38 l**  
Verð 16.990 kr.  
Sumartilboð:  
**13.990 kr.**

**28 l** verð 12990 kr.  
Sumartilboð  
**10.990 kr.**

### TNF Crestone '07

Vandaðir bakpokar úr smíðju The North Face. Skemmtilega útfærðir og vel útbúnir með stillanlegt bak og gott burðarkerfi. 60 l til í dömuútfærslu.



**60 l W**  
Verð 19.990 kr.  
Sumartilboð  
**15.990 kr.**

**Crestone 75 l '07**  
Verð 22.990 kr.  
Sumartilboð  
**16.990 kr.**

### Deuter Airccontact

Airccontact pokarnir frá Deuter eru mest verðlaunuðu pokar seinni ára. Poki ársins í sínum flokki hjá Outdoor tímaritinu 2004, 2006 og 2007. Bakpoki fyrir lengri göngur.



**50+10 SL**  
Verð **25.990 kr.**

**65+10 l**  
verð **28.990 kr.**

**75+10 l**  
verð **32.990 kr.**

Öll helstu merkin í bakpokum: TNF, Millet, Deuter, Osprey.

Félagsmálaráðherra úthlutar:  
**800 milljónir til fatlaðra**

**FÉLAGSMÁL** Um 800 milljónum króna verður úthlutað úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til uppbyggingar búsetuúrræða. Alls er ríflega milljarði úthlutað úr sjóðnum til fatlaðra.

Félags- og tryggingamálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, staðfesti á mánudag tillögu stjórnar sjóðsins um úthlutun fyrir árið 2008. Tæplega 600 milljónum er veitt í verkefni tengd Straumhvörfum, sem er átaksverkefni um eflingu þjónustu við geðfatlaða. Tæpum 200 milljónum króna verður varið til uppbyggingar búsetuúrræða fyrir aðra hópa fatlaðra. - kóp

Nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum:

**Telja mögulegt að ná jafnrétti hraðar**

**MANNRÉTTINDI** Nefnd SP um afnám allrar mismununar gagnvart konum lýsir yfir vonbrigðum með að ekki séu uppi áætlanir um að lögfesta samning um afnám alls misréttis gegn konum hér á landi. Þá fíndi nefndin til leiðir sem hægt væri að fara til að ná jafnrétti hraðar; svo sem að styrkja aðgerðaráætlun gegn konum og börnum frá 2006.

Nefnd SP beindi einnig athygli sinni að stöðu kvenna af erlendum uppruna og því hve þær eru stór hluti þeirra sem leita til Kvænnaathvarfsins. Nefndin lýsti áhyggjum yfir því að útlendingalöggjöf gæti neytt konur til að þrauka í ofbeldisfullum samböndum.

Hinn 8. júlí kynnti íslensk sendinefnd meðal annars skýrslu Mannréttindaskrifstofu Íslands fyrir SP. Þar var meðal annars lýst

yfir áhyggjum af því hve fáar konur gegna áhrifastöðum í íslensku atvinnulífi og prófessorstöðum háskóla þrátt fyrir hátt menntunarstig.

Í skýrslu skrifstofunnar var einnig lýst áhyggjum af því að vændi sé nú löglegt án þess að gripið hafi verið til sérstakra aðgerða eða aðstoðar. Þá kærir aðeins lítill hluti þeirra sem leita aðstoðar vegna nauðgana og er það áhyggjuefni. Mannréttindaskrifstofan hvetur til þess að komið sé á fót skilvirku nálgunarbanni. - kóp

**ÍSLAND RÆTT** Málefni Íslands voru rædd hjá nefnd SP um afnám allrar mismununar gagnvart konum.



**SKRIFAÐ UNDIR** Heilbrigðisráðherra, rektor HÍ, forstjóri Landspítalans og fulltrúi Harvard skrifa undir samninginn.

Framhaldsnám í hjúkrun:  
**Samstarf við Harvard**

**MENNTUN** Landspítalinn og læknadeild Harvard-háskóla í Bandaríkjunum hafa samið um samstarf um framhaldsmenntun í slysa- og bráðafræðum.

Samkvæmt því skipuleggja sérfræðingar stofnananna beggja kennslu og starfsþjálfun ung-lækna. Hefst hún 1. janúar næstkomandi. Þá munu kennarar við Harvard koma til landsins annan hvern mánuð, viku í senn, sem gestafyrirlesarar á samningstímanum, sem er tvö ár.

Þá munu íslenskir hjúkrunarfræðingar í diplománami eiga kost á fjögurra vikna starfsnámi við hið virta sjúkrahús Beth Israel í Boston. - kóp



**FISKISKIP** Stór hluti íslenska fiskiskipaflotans liggur nú við höfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sumarfrí sjómanna lengist:  
**Flotinn í höfn**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það er ljóst að það eru margir sem lengdu sumarlokanið núna út af niðurskurði aflaheimilda,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, um hlutfall íslenska fiskiskipaflotans sem er í höfn.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að veiðiskipið Árbakur RE 205 liggur nú við höfn í Reykjavík vegna aflaniðurskurðar og hásluverðs, að sögn áhafnar meðlima.

Friðrik segir að uppsjárflotinn og frystitogarar séu „á fullu“, en stór hluti flotans sé bundinn í höfn. - gh

**SVÍPJÓÐ**

**Premur þúsundum sagt upp** Sænska fyrirtækið Autoliv sem framleiðir öryggisbúnað fyrir bifreiðar tilkynnti í gær að það hygðist segja upp þrjú þúsund starfsmönnum. Segir fyrirtækið það vera nauðsynlegt til að bregðast við hækkandi verði á hráefnum.

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR KLETTHÁLSI

**ÖDÝRT VINNUAFL**

Hafðu Volkswagen Caddy með í dæminu þegar þú hugar að hagræðingu og skynsamlegum rekstri. Caddy sendibíllinn hefur getið sér sérstaklega gott orð hér á landi fyrir áreiðanleika, þægindi og hagstætt verð.



**VW Caddy 2005**



Ekinn 88.000 km / Ásett verð: 1.290.000

**VW Caddy 2005**



Ekinn 60.000 km / Ásett verð: 1.290.000

**VW Caddy 2005**



Ekinn 88.000 km / Ásett verð: 1.180.000



Kynntu þér úrval notaðra VW Caddy atvinnubíla sem við bjóðum í HEKLU notuðum bílum. Komdu núna á Klettháls og gerðu hagstæð kaup. Við erum sveigjanleg í samningum.



**Opíð 10-18 virka daga**

Kletthálsi | sími 590 5040 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is

Lyf við krabbameini í blöðruhálskirtli í þróun:

## Binda vonir við nýtt lyf

Vísindamenn telja mögulegt að nýtt lyf gegn krabbameini í blöðruhálskirtli gæti valdið straumhvörfum í meðhöndlun krabbameinsins. Lyfið, sem heitir Abiraterone, gæti virkað á allt að 80 prósent sjúklinga sem þjást af ólæknandi krabbameini í blöðruhálskirtli. Lyfið virkar þannig að það stöðvar framleiðslu á þeim hormónum sem ýta undir vöxt meinsins.

Krabbamein í blöðruhálskirtli er algengasta krabbamein meðal karlmanna. Á Íslandi greinast um 185 menn með slíkt krabbamein árlega og 43 deyja, samkvæmt upplýsingum frá Krabbameinsfélaginu.

Nýjasta rannsóknin á lyfinu byggist á 21 sjúklingi með sjúkdóminn á lokastigi og sýndi að æxli minnkuðu talsvert mikið við inntöku lyfsins. Margir sjúklinganna sögðust einnig finna fyrir bætteri lífsgæðum og nokkrir höfðu hætt að taka morfín, sem þeir höfðu þurft að taka vegna sársauka þegar krabbamein hafði breiðst í beinin. Stærri og betri rannsókn er þó þörf og nú er hafin rannsókn á um 1.200 sjúklingum um allan heim.

Vonir eru bundnar við að lyfið muni geta hjálpað annars konar krabbameinsjúklingum líka, meðal annars konum með brjóstakrabbamein, sem er algengasta krabbameinið í konum. - þeb

Samtök kvenna í Bosnía fagna handtöku Karadzics:

## Fólkið dansaði af gleði í rigningunni í Sarajevo

Meðal þeirra sem fagna handtöku Radovan Karadzic er Vilborg Auður Ísleifsdóttir sagnfræðingur og félagar hennar í BISER, samtökum kvenna í Bosnía, sem hafa það markmið að styrkja konur sem urðu illa úti í Bosníastríðinu.

„Aida Daidzic, stofnandi samtakanna, sagði mér í morgun að fólk hefði dansað af gleði í hellingurinu í Sarajevo,“ sagði Vilborg í gær. „Nú er bara tímaspursmál hvenær fjöldamorðinginn Ratko Mladic verður handtekinn og framseldur.“

BISER-samtökin eru starfrækt í Bosnía, Þýskalandi og á Íslandi. Formaður Íslandsdeildarinnar er Kristín Ástgeirsdóttir, fyrrverandi þingkona Kvennalistasins.

Árið 2000 unnu samtökin mál gegn Karadzic, sem höfðað var fyrir dómstól í New York og byggt á lögum frá átjándu öld, sem upphaflega voru sett til höfuds sjóræningjum í Karíbahafinu.

„Menn geta sótt mál fyrir bandarískum dómstólum á grundvelli þessara laga,“ segir Vilborg, sem er ein helsta drifjöður Þýskalandsdeildar samtakanna í Wiesbaden.

„Við unnum sigur í þessu máli



VILBORG AUÐUR ÍSLEIFSDÓTTIR Samtök kvenna í Bosnía unnu mál gegn Karadzic sem tryggir að hugsanleg auðævi hans renni til fórnarlamba glæpanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNIPÓR

og það tryggir að allt það fé sem hann kynni að hafa stungið undan lenti ekki hjá fjölskyldu hans og fylgismönnum, heldur verði greitt fórnarlömbum hans.“ - gb

### FRÉTTASKÝRING: Radovan Karadzic handsamaður

# Fór huldu höfði í áratug

**Radovan Karadzic var pólitískur leiðtogi Serba í Bosníastríðinu og bar ásamt herforingjanum Ratko Mladic ábyrgð á verstu stríðsglæpum Evrópu á síðasta áratug 20. aldar.**

Mikill fögnuður braust út á mánuðagskvöld í Sarajevó og víðar meðal múslima í Bosnía-Hersegóvínu þegar fréttist af því að Radovan Karadzic, fyrrverandi leiðtogi Bosnía-Serba, hefði verið handtekinn. Fólk þyrptist út á götur, bílflautur voru þeyttar og breitt bros á hverju andliti.

Meðal Serba, bæði í serbneska hluta Bosnía-Hersegóvínu og handan landamæra í Serbíu, voru tilfinningar hins vegar blendnar og viðbrögðin frekar þegjandaleg, þótt reiðir stuðningsmenn hans hafi reyndar safnast saman í Belgrad og hrópað stuðningsorð til hetju sinnar.

Karadzic var handtekinn í einu úthverfa Belgrad á mánuðagskvöldið. Serbneskar öryggissveitir fundu hann þegar leit stóð yfir að Ratko Mladic herforingja, félagar Karadzic sem einnig er eftirlýstur fyrir stríðsglæpi.

Dómstóll í Júgóslavíu hefur þegar úrskurðað að hann verði framseldur til Haag, en Karadzic hefur þriggja daga frest til að andmæla framsaldómnum. Lögfræðingur hans segir að andmælin verði ekki lögð fram fyrr en á síðasta degi, til þess að veita stjórnvöldum í Serbíu ekki þá ánægju að hann verði framseldur án tafar.

#### Geðlæknir og ljóðskáld

Karadzic er geðlæknir og ljóðskáld, en helgaði sig stjórnmálum þegar Júgóslavía fór að liðast í sundur fyrir tæpum tveimur áratugum. Hann barðist fyrir því að halda landinu saman, ásamt serbneskum félögum sínum, bæði í Bosnía og Króatíu.

Árið 1990 tók hann þátt í að stofna Serbneska lýðræðisflokkinn í Bosnía-Hersegóvínu, en tókst ekki að koma í veg fyrir að Bosnía-Hersegóvína yrði sjálfstætt ríki árið 1992, árið eftir að Slóvenía og Króatía fengu sjálfstæði.

Karadzic varð þó forseti Serbneska lýðveldisins innan Bosnía-Hersegóvínu og varð um leið æðsti yfirmaður herafila Bosnía-Serba. Fljótlega upphöfst stríð í þessu nýstofnaða landi og næstu þrjú árin börðust Serbar, Króatar og múslimar innbyrðis af mikilli grimmd. Bosnía-Serbar vildu stofna eigið ríki og helst sameinast Serbíu og reyndu allt hvað þeir gátu til þess að tryggja sér sem stærst landsvæði.

Bærrinn Srebrenica átti að vera griðastaður múslima undir sérstakri vernd Sameinuðu þjóðanna. Engu síður réðust Serbar á bæinn í júlí árið 1995 og frömdu þar verstu glæpi stríðsins. Nærri átta þúsund manns, flest karlmenn og drengir, voru myrtir í hópum og grafnir með leynd í fjöldagröfum.

#### Ákæru og flótti

Stríðsglæpadómstóll Sameinuðu þjóðanna fyrir Júgóslavíu, sem staðsettur er í Haag í Hollandi, gaf árið 1995 út ákæru á hendur Karadzic og herforingjanum Ratko Mladic, sem stjórnaði



SANNFÆRANDI GERVI Radovan Karadzic stundaði óhefðbundnar lækningar í Belgrad, skrifaði í tímarit og hélt áfram að yrkja ljóð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

aðgerðum serbneska hersins í Bosníastríðinu.

Þeir voru báðir ákærðir fyrir þjóðarmorð, stríðsglæpi, ofsóknir, morð og nauðungarflutninga á fólki, svo nokkuð sé nefnt af ákæruatriðunum. Ákæran nær til glæpa sem framdir voru í Bosníastríðinu árin 1992-95, en sérstaklega þó glæpi tengda fjöldamorðunum í Srebrenica sumarið 1995 og umsátrinu um höfuðborgina Sarajevo öll stríðsárin.

Karadzic var þó ekki handtekinn strax og hefur farið huldu höfði síðan 1998, en dómstóllinn í Haag og stjórnvöld í Evrópuríkjunum hafa lagt hart að serbneskum stjórnvöldum að aðstoða við leitina. Serbíustjórn hefur jafnan lofað öllu fögru, en árangurinn látið á sér standa þar til nú.

Evrópusambandið hefur fagnað þessum síðbúna árangri leitarinnar og telur hann til vitnis um einlægga vilja Serbíustjórnar til þess að uppfylla kröfur Vesturlanda.

„Þetta veitir okkur gífurlega ánægju,“ sagði Javier Solana, yfirmaður utanríkisráðgjafa Evrópusambandinu. „Nýja ríkisstjórnin í Belgrad er merki um nýja Serbíu, um ný og endurbætt samskipti við Evrópusambandið.“

#### Sannfærandi gervi

Stjórnvöld í Serbíu segja að Karadzic hafi á flóttanum tekið sér nýtt nafn: Dragan Dabic. Hann hafi starfað á lækna stofu og stundað óhefðbundnar lækningar. Á ljósmyndum, sem serbnesk stjórnvöld birtu í gær, er Karadzic nánast óþekktanlegur – hvíthærður með mikil hvítt skegg og hárið bundið í tagl, auk þess sem hann hefur sett upp gleraugu. Kannski ekki furða að leitni hafi gengið illa.

„Gervi var mjög sannfærandi,“ hefur AP-fréttastofan eftir Vladimír Vukcevic, saksóknara stríðs-



MLADIC OG KARADZIC Ratko Mladic herforingi og Radovan Karadzic forseti á fyrstu mánuðum Bosníastríðsins. Mladic er enn í felum. NORDICPHOTOS/AFP

glæpadómstólsins í Haag. „Meira að segja leigusalar hans vissu ekki hver hann var.“

Eiginkona hans, Ljiljana Karadzic, hefur öll þessi ár statt og stöðugt haldið því fram að hún vissi ekkert hvar maður sinn væri niðurkominn og virtist fegin að heyrna að hann væri á lífi.

„Þegar síminn hringdi vissi ég að eitthvað væri að,“ sagði hún eftir að fréttir bárust af handtöku hans á mánuðagskvöld. „Ég er í losti. Ringluð. En núna vitum við þó að hann er á lífi.“

#### Hélt áfram að yrkja

Karadzic virðist hafa haldið ótraudur áfram að yrkja. Í það minnsta kom árið 2005 út í Serbíu ljóðabók, sem sögð var eftir Karadzic, sem þá hafði farið huldu höfði í nærri áratug, og olli sú útgáfa nokkru uppnámi. Eitt ljóðanna í þeirri bók heitir Srebrenica, þar sem segir meðal annars: „Bærrinn brennur eins og reykelsi, í reyknum ólgar samvíska okkar.“



FRÉTTASKÝRING  
GUÐSTEINN BJARNASON  
gudsteinn@frettabladid.is

### MYRKUSTU BLAÐSÍÐUR SÖGUNNAR

„Eftir að Srebrenica féll í hendur serbneska úmsátrslöðsins í júlí 1995 virðist hafa átt sér stað sannarlega hryllilegt fjöldamorð á hinum íslömsku íbúum bæjarins,“ sagði Fouad Riad, dómarari við stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna fyrir Júgóslavíu, þegar

hann hafði lýst ákærunum á hendur þeim Mladic og Karadzic í nóvember 1995.

„Sönnunargögnin sem saksóknari hefur lagt fram sýna villmennsku sem erfitt er að gera sér í hugarlund: þúsundir manna teknir af lífi og grafnir í fjöldagröfum, hundruð manna grafnir lifandi, menn og konur limlest og drepin, börn drepin fyrir augum mæðra þeirra, afi þvingaður til þess að borða lífur úr sonarsyni sínum. Þetta eru svo sannarlega frásagnir frá helvíti, skrifaðar á myrkustu blaðsíðu mannkynssögunnar.“

**Umhverfisvottaðar vörur**  
- fyrir sumarhúsið, veiðihúsið og ...

**ECOLAB** Satiné Clean, gólfþápa  
Brial Clean, alhliða hreinsiefni  
Kristalin Clean, baðherbergishreinsir  
Into WC Clean

**Lotus** eldhúsrúllur  
Lotus Marañon Plus  
Lotur T-þurrkur  
Lotus V-þurrkur


**Lotus** WC pappír  
Lotus WC Júmbó

**Nánari upplýsingar veita sölumenn og ráðgjafar RV**

Servíettur NexxStyle 39x39cm 80stk, ýmsir litir

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



Sumartónleikar ársins í boði Iceland Express

# Buena vista social club

» Vodafonehöllinni 24. júlí  
Miðasala á [midi.is](http://midi.is)

- ★ ★ ★ ★ ★ „Áhorfendur breyttu tónleikastað í danshöll” Times Online
- ★ ★ ★ ★ Manchester Evening News
- ★ ★ ★ ★ ★ The Independent

hr★örlygur

Iceland Express   
með ánægju



**19.900**

Fullt verð: 24.900

Vnr. 41622035

**Partýtjald**

Partýtjald, ál, 3x3m. Auðvelt að setja upp og taka niður. Tjaldið kemur í tösku.



**26.900**

Fullt verð: 34.900


**OUTBACK**

Vnr. 50630102

**Gasgrill**

OUTBACK TROPPER PLUS gasgrill, 48x50 cm grillflötur með tvískiptum brennara, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárnri, neistakveikjari, hitamælir, efri grind, þrýstijafnari og grillsteinar.

# RÝMING



**4.990**

Fullt verð: 7.990

Vnr. 62611450

**Fótboltamark**

Fótboltamark, 213x157x73 cm.



**7.900**

Fullt verð: 14.990

Vnr. 88012413

**Bjálkahús**

Barnbjálkahús, 86x114x116 cm.



**990**

Fullt verð: 2.739

Vnr. 88015963

**Barnatjald**

Barnatjald 100x100x130 cm.



**40%**

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SESSUM**



**29.900**

Fullt verð: 44.900

**Partner**

Vnr. 53323076

**Sláttuvél**

PARTNER sláttuvél, 4HP, safnkassi, með stór hjól.



**6.990**

Fullt verð: 11.900

Vnr. 44003160

**Sessukassi**

Sessukassi 125x55x61 cm.



**12.900**

Fullt verð: 17.900

Vnr. 41621529

**Markísa**

Markísa 3,5x2,5 m, græn.



**1.990**

Fullt verð: 2.990

Vnr. 88015972-4

**Svefnpoki**

Svefnpoki, dökkblár eða grár.



**4.990**

Fullt verð: 6.490

Vnr. 87977142

**Kælibox**

Kælibox með rafmagni, 12V, 25 l.



**5.990**

Fullt verð: 7.990

Vnr. 87977157

**Ferðaklósett**

Ferðaklósett 20 L.



**990**

Vnr. 88012341

**Vindsæng**

Vindsæng, 76x190x20 cm.

**Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt!**



**9.695**

Fullt verð: 19.390

Vnr. 0291494

**Garðborð**

Garðborð 740x1770x730 mm

**50%**  
afsláttur



Verð frá

**177**

**Pallaefni**

Vnr. 0058324

Fura, alheflað 27x95 mm, A-gagnvarið.

**177** kr./lm

Vnr. 0058504

Fura, alheflað 45x95 mm, A-gagnvarið.

**257** kr./lm

Vnr. 0058506

Fura, alheflað 45x145 mm, A-gagnvarið.

**387** kr./lm

Vnr. 0059954

Fura, alheflað 95x95 mm, A-gagnvarið.

**498** kr./lm

# VARSA LA

á sumarvörum



**29.900**

Fullt verð: 59.900

Vnr. 41616052

**Garðborð**

Átthyrnt garðborð með innfelldum snúningsdisk, 1770x30 mm, Iron Wood viður.

allt að

**50%**  
afsláttur

Vnr. 41616055

**Garðstóll**

MILAN stóll miðbak ironwood.

**4.990**

Fullt verð: 8.990



**1.490**

Fullt verð: 1.990

Vnr. 93460010-25

**Regngalli**

Regngalli PVC/Nylon, grænn, blár eða svartur, stærðir M-XXL.



**2.990**

Fullt verð: 4.380

Vnr. 50147028-47

**Gúmmístígvél**

HARVIK/VIKING gúmmístígvél, stærðir 28-47.



**69.900**

Fullt verð: 79.900



OUTBACK

Vnr. 50630101

**Gasgrill**

OUTBACK LEGEND gasgrill úr burstuðu stáli. 4 ryðfríir brennarar og bakbrennari. Hliðarhella, grillflötur 63x48 cm, grillgrind úr ryðfríu stáli og hitadreifiplötur. Hitamælir, neistakveikjari, efri grind og snúningsteinn fyrir rafhlöðu. Hurðir að framan og 4 hjól. 17 kW. Yfirbreiðsla fylgir með.

**45%**

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM  
GIRÐINGAEININGUM



**14.900**

Fullt verð: 26.900

Vnr. 41062310

**Hundakofi**

Hundakofi úr við, 99x89x80 cm.



**13.900**

Fullt verð: 17.890

Vnr. 50652233

**Ferðagasgrill**

STERLING PORTA CHEF ferðagasgrill með efri grind. Grillflötur 32x48 cm. Slanga og þrýstijafnari fyrir stóra kúta.







## YNGRA BROTAJÁRN

Tæplega átta þúsund bílar fara árlega í brotajárn hér á landi og bílarnir sem fargað er verða sífellt yngri.

BÍLAR 2



## Á FRAMANDI SLÓÐUM

The Big Five-marabonið er marabon sem hlaupið er í Þjóðgarði í Suður-Afríku innan um villt dýr.

FERÐIR 4



# allt

HEIMILI HEILSA SUMAR BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

# ÚT MEÐ GAMALT

# INN MEÐ NÝTT

Komdu á vinalegu húsgagna lagersöluna

Almennur opnunartími

Mán - Föstudagar 09 - 18

Dugguvogi 2 / Simi 557 9510 / patti.is



Salóme klædd í Þjóðbúning Ekvador. Hún kenndi eina fimm mánuði í litlu fjallaþorpi þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUN

**NÝTT!**  
Lögin beint inn í iTunes og á iPod

## Fyll'ann takk!



**Vertu tilbúinn í sumarfríð!**

Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af toppónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.

 **Tónlist.is**

## Tölvukennari í fjallaþorpi

*Salóme Rannveig Gunnarsdóttir laganemi fór sem sjálfboðaliði til Ekvador í Suður-Ameríku stuttu eftir að hún kláraði menntaskóla.*

„Ég kláraði menntaskóla á þremur og hálfu ári og fór svo að ferðast þar til ég byrjaði í háskóla,“ segir Salóme brosandi og bætir við að ferðalagið sé það eftirminnegasta sem hún hefur farið í.

Salóme fór til Ekvador sem sjálfboðaliði á vegum svissneskra samtaka. „Ég bjó í fjallaþorpi með frumbyggjum Ekvador og kenndi ensku, líkamsrækt og tölvur í skólanum þar. Eina tölvan var ótrúlega gömul og virkaði ekki alveg,“ segir Salóme hlæjandi og upplýsir að hún hafi kennt krökkunum að skrifa á lyklaborð. „En það tók alveg rosalega langan tíma.“

Salóme segir að ýmislegt sé frábrugðið í Ekvador, samanborið við Ísland. „Íbúar Ekvador borða naggrís. Það er fluttur réttur þar. Í eldhúsunum hlaupa naggrísirnir um, við fæturna á fólki og þegar farið er að elda er bara einn tekinn og hann drepinn,“ upplýsir Salóme. Hún segist hafa smakkað naggrís og lýsir bragðinu svipuðu og kjúklingi en aðeins bragðsterkari. „Ég þótti ótrúlega skrýtin því mér fannst naggrísirnir svo sætir að ég var alltaf að taka þá upp og klappa þeim og vera góð við þá.“

En allt tekur enda um síðir, ferðalög sem annað. „Mig langaði ekkert heim en ég bara þurfti að fara,“ segir Salóme og bætir við að hún hafi byrjað í háskólanum þremur dögum eftir að heim var komið. „Mér fannst skrýtið að byrja í lögfræði og sitja á Þjóðarbókhöndunni alla daga eftir þetta ferðalag.“ *martaf@frettabladid.is*

## TILBOÐSDAGAR: 17.JÚLÍ - 1.ÁGÚST 25 - 70%



**Opnunartími:**  
mán. - mið. 11:00 - 18:00  
fimmtud. 11:00 - 19:00  
föstud. 11:00 - 16:00

Atson • Brautarholti 4 • s. 561-0060 • www.atson.is





**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942  
rafstilling@rafstilling.is

**bfo.is**  
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA  
ISUZU OPEL

SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · Sími: 567 7360



**BÍLASALA  
SELFOSS**

DODGE RAM 2500 5,9 CUMMINGS DIESEL LARIAT 35" BREYTTUR.  
Árg. 2006 ekin 20 þús mílur. Leður, sjálfsk. filmur, tölvukubbur,  
35" breyttur, dráttarbeisli, segl yfir palli. Ásett 4,6 milljónir.  
Uppl. hjá Bílasölu Selfoss í síma 482 4002 www.bilasalaselfoss.is

**KERRUÖXKLAR  
Í ÚRVALI**

og hlutir  
til kerru-  
smíða

**FJALLABÍLAR**  
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7  
110 Reykjavík  
Sími: 517 5000

**allt** matur

Alla föstudaga

# Tæplega átta þúsund bílar í brotajárn

Bílasala hefur aukist um tæplega 100 prósent á síðustu tíu árum. Bílar sem fargað er verða sífellt yngri.

Fyrir 11 árum, 1997, voru 12.551 ökutæki nýskráð samkvæmt Umferðastofu. Tíu árum síðar, 2007, voru þau 24.800. Aukningin er 97 prósent. En hvað verður um alla þessa bíla?

Þeir bílar sem ljúka lífdögum sínum á vegum landsins fara flestir til úrvinnslu hér á landi. Þeir eru að einhverju leyti nýttir í varahluti, og spilliefni eru fjarlægð og þeim fargað á viðeigandi hátt. Stærstur hluti bílanna fer hins vegar í brotajárn sem selt er erlendis.

Samkvæmt tölum frá úrvinnslusjóði var 7.997 bílum skilað til úrvinnslu hérlendis árið 2007. Meðalaldur bílanna var 13,88 ár og höfðu þeir yngst nokkuð frá fyrri árum. Til dæmis var meðalaldur þeirra 14,53 ár árið 2005. Í þessu sambandi er fróðlegt að skoða hversu margir bílar voru nýskráðir fyrir 13 árum, en miðað við meðalaldur úrvinnslubíla árið 2007 ættu flestir þeirra að hafa rennt úr hlaði bílasala 1994. Það árið voru 6.710 bílar nýskráðir svo þjóðin er að skila af sér fleiri bílum en voru nýskráðir á árinu.

Miðað við núverandi þróun í nýskráningu má búast við því að árið 2020 verði um 16.000 bílum skilað í brotajárn. Það er að segja ef kreppan gerir ekki út af við efnahaginn og þjóðin keyri enn um á Range Rover árgerð 2007.

tryggvi@frettabladid.is


Langstærstur hluti bíla landsmanna endar í brotajárn sem selt er erlendis. Einhverju af varahlutum er þó bjargað úr bílum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## Allt í húsvagninn...

...í settum fyrir handlagna



**Gasmiðstöðvar  
1900 - 2800W**  
frá aðeins kr. 79.048,- settið.



**Vatnshitarar  
13L gas / 220V**  
frá aðeins kr. 61.560,- settið.



**Sólarsellusetið í úrvali.**



**VERSLUN / VERKSTÆÐI**  
Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður  
Sími 555 4900

**www.rotor.is**  
lang - stærsti húsbilavefurinn

Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á [www.rotor.is](http://www.rotor.is).



**Fjarstýrð vagndrif**  
verð frá kr. 175.688,- settið

allt

# sumar

Rómantískar kvöldgöngur eru eitthvað sem öll pör ættu að fara í á fallegum sumarkvöldum. Hægt að ganga saman til dæmis um hverfið eða Ægisíðuna.



## Á bátana í öllum veðrum

Í Nauthólsvík er starfræktur Siglingaklúbburinn Siglunes en þar er hægt að fara á siglinganámskeið og leigja báta.



Á sumrin er mikið fjör í Nauthólsvíkinni og stöðug aðsókn í bátana hjá Siglingaklúbbnum Siglunesi. Boðið er upp á siglinganámskeið og bátaleigu.

MYND/HAFDÍS HRUND GÍSLADÓTTIR



Árni Jónsson, deildarstjóri í útivistarmiðstöð Nauthólsvíkur, dyttar hér að Jónasi feita.

„Við erum með siglinganámskeið í allt sumar og byrjuðum 9. júní og klárum núna 15. ágúst. Um er að ræða fimm tveggja vikna námskeið fyrir krakka á aldrinum 9-12 ára. Síðan erum við með siglingaklúbb fyrir krakka á aldrinum 12-15 ára en í honum eru krakkar sem eru búnir með námskeið hjá okkur og eru þá meira á eigin forsendum,“ útskýrir Árni Jónsson, deildarstjóri í útivistarmiðstöð Nauthólsvíkur.

Auk þess að bjóða upp á siglinganámskeið er boðið upp á bátaleigu alla miðvikudaga og fimmtudaga milli fjögur og sjö. Báturinn kostar 600 krónur fyrir klukkutímann þar sem þau eru stærra og meira mál að koma þeim af stað. „Ef um er að ræða 12 ára og eldri krakka frá okkur með reynslu þá er hægt að koma og leigja bát en ef það eru óreyndir þá er miðað við svona 14-15 ára. Það eru alltaf að minnsta kosti tveir gæslubátar úti öllum stundum þannig að fyllsta öryggis er gætt,“ segir Árni. Einnig er tekið á móti hópum til dæmis af leikjanámskeiðum. „Þá er farið fyrir hádegi í siglingu á gömlum trébát sem heitir Jónas feiti og er tekin skemmtisigling þar sem sagðar eru sögur og þá ekki allar alveg sannar eins og til dæmis að það sé tappi hérna í vík-

arábáta, svokölluð vikingaskip og stærra skútu sem krakkarnir fá að fara á með starfsmanni. „Sú skúta kallast Gulla granna en þetta eru allt svolítið sérstök nöfn hérna. Víkingaskipin eru stórir kappróðrabátar. Þar eru sex að róa og einn að stýra,“ segir Árni.

Ekki þarf að panta báta fyrirfram en þó er það hægt ef vilji er fyrir hendi. Siglingaklúbburinn Siglunes er í Nauthólsvíkinni og er merki ofurmennisins, eða „súpermann“, merki klúbbsins. „Sagan segir að merkið hafi verið til hér löngu áður en Súpermann sá það en svo flaug hann hér yfir og sá það, en við erum með risastórt merki hér á jörðinni hjá okkur í Nauthólsvíkinni,“ segir Árni glettinn. Hægt er að skrá sig á námskeið á [www.itr.is](http://www.itr.is) en einnig er hægt að skrá sig hjá Siglingaklúbbnum Siglunesi. [hrefna@frettabladid.is](mailto:hrefna@frettabladid.is)



Hellishólar eru með golfskóla sem býður upp á margs konar námskeið.

MYND/PÁLL GUBJÓNSSON

## Ánægjuleg dvöl

Hellishólar í Fljótshlíð er glæsileg ferðaðþjónusta sem býður upp á fjölbreytta afþreyingu fyrir gesti.



Hægt er að gista í sumarhúsi eða á tjaldsvæðinu.

MYND/PÁLL GUBJÓNSSON

Hellishólar eru áhugaverður staður fyrir fjölskylduna að heim-sækja á sumrin. Einnig fyrir ættarmót, starfsmannaferðir, afmæli og fleira. Gestir geta ýmist gisti í sumarhúsi eða á fullkomnu tjaldsvæði.

Á Hellishólum er líka starfræktur golfskóli, en í honum er boðið upp á sérstök kvenna-, hjóna- og almenningnámskeið. Skólinn er bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Hellishólar voru byggðir árið 1952 og var þar hefðbundinn búskapur fram til ársins 2000 en

þá ákváðu bóndahjónin að hverfa frá búskapnum og snúa sér að rekstri ferðaðþjónustu. Nýir eigendur eru nú komnir sem hafa það að markmiði að öllum líði vel meðan á dvölinni stendur.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á [www.hellisholar.is](http://www.hellisholar.is).

- stp

# M MOSFELL

## KERTO LÍMTRÉ

### Byggingarefni framtíðarinnar

Engar kraftsperrur, notaðu lofthæðina

Losnaðu við óparfa burðasúlur

Vegna mikils styrkleika og léttleika, hentar það einnig vel við krefjandi endurbætur

Kerto límtré kemur í stöðluðum þykktum 27, 33, 39, 45, 51, 57, 63, 75mm og uppúr

3 tegundir með sama brotþol samkv. evr. stöðlum: 160mm 120mm 75mm



Gegnheill viður C-24 Hefðbundið Límtré G-L32 KERTO

Finnsk gæðavara

Létt og meðfærileg

Hátt brunapól

Hæð eftir óskum


Lengd allt að 23 m.

Alltaf til á lager

16% meira eldþol

20% meira brotþol

E modull fellur ekki eins og í hefðbundnu límtré þótt bitar fari undir 90 mm þykkt



# Montreal

í ágúst

frá kr. **29.990**



## Mjög takmarkað framboð flugsæta og gistingar í boði á þessu verði!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Montreal 8., 15. og 22. ágúst. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg sem er önnur stærsta borg Kanada. Í borginni mætast gamli og nýji tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Griptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

Verð kr. **29.990.**

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Sértilboð í ágúst.

Verð kr. **49.990**

flug og gisting í viku. Netverð á mann, m.v. 2 saman í herbergi á Travelodge með morgunverði í viku, sértilboð í ágúst.


Verð kr. **76.600**

glæsileg gisting \*\*\*\* Netverð á mann, m.v. 2 saman í tvíbýli á Hyatt Hotel \*\*\*\* með morgunverði í viku, sértilboð í ágúst.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000  
Akureyri • sími 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Umhverfið og útsýnið var stórkostlegt þar sem Hugrún hljóp.



Hugrún Hannesdóttir er enn í gleðivímu eftir þessa ferð og mælir eindregið með henni fyrir hlaupara og annað íþróttafólk.



## Hlaupið með villidýrum

**Hugrún Hannesdóttir tók nýlega þátt í The Big Five-marathon í Suður-Afríku en hún er fyrsti Íslendingurinn sem tekur þátt í því hlaupi.**

„The Big Five vísar til hinna stóru frægu dýra í Suður-Afríku, flsins, nashyrningsins, vísundarins, hlébarðans og ljónsins,“ útskýrir Hugrún og bætir við: „Þetta maraþon er hálfgerft fjallahlaup, en hlaupið er í þjóðgarði innan um villt dýr. Það var ótrúleg tilfinning að hlaupa innan um strúta og antilópur.“

Hlaupaleiðin var oft hættuleg en að sögn Hugrúnar vöktuðu þjóðgarðsverðirnir dýrin til að vita hvar þau væru. Gist var í þjóðgarð-

inum í sjö nætur, farið var í safari og dýrin skoðuð og segir Hugrún það hafa verið mikla upplifun. Hlaupaleiðin var líka skoðuð áður en lagt var af stað í hlaupið. „Mér leist ekkert á blikuna þegar ég sá leiðina því hún er mjög erfið á köflum og hitinn mikill. Suma hluta leiðarinnar er ekki einu sinni hægt að hlaupa, en ég ákvað að láta slag standa og þetta var alveg ótrúlegt,“ segir Hugrún en hún kom heim úr ferðinni þriðja júlí síðastliðinn.

Hugrún titlar sig sem alhlíða útivistarmanneskju. Hún fer reglulega á fjöll, fór á Mont Blanc í fyrra og æfði vel fyrir það. Einnig hefur hún hlaupið tíu kílómetra í Reykjavíkumaraþoninu en þetta var í fyrsta sinn sem hún hljóp hálf maraþon.

Alls tóku rúmlega 160 manns þátt í hlaupinu alls staðar að úr heiminum og af hópnum hennar Hugrúnar voru þau fjögur sem hlupu hálf maraþon. Hópurinn hennar stóð sig vel og vann til nokkurra verðlauna. „Það var ótrúlegt kikk að koma í mark og góð stemning hjá öllum hópnum. Það er svo gaman að gera eitthvað öðruvísi,“ segir Hugrún.

Hugrún vinnur á Ferðapjónustu bænda og komst í kynni við þetta maraþon í gegnum vinnuaðila í Danmörku. Hún varð svo hrifin af þessu ævintýri að ferðin verður í boði hjá Ferðapjónustu bænda á næsta ári. „Það er alveg á hreinu að við ætlum að selja þessa ferð, hún er geggjúð,“ segir Hugrún.

*klara@rettabladid.is*



Hótel Flatey er í þremur fallega uppgerðum húsum. Þetta er eitt af þeim.

## Paradísín Flatey

**Flatey á Breiðafirði býður bæði upp á frið og fjör yfir sumartímann.**

Kvikmyndin Brúðguminn og Hótel Flatey með uppþúin rúm og lostæti úr Breiðafirði á borðum hafa aukið vinsældir Flateyjar á Breiðafirði sem viðkomustaðar. Sjarmi Flateyjar er vissulega ekki nýr af nálinni og bændagisting er og hefur verið í Krákuvör og tjaldstæði í Króksvör.

Hótelíð sem opnað var í fyrravor er í þremur fallega uppgerðum húsum við Grýluvog. Gistiaðstaðan er í Eyjólfspakkhúsi og Stóra-

Pakkhúsi en veitingastofan í samkomuhúsi Flateyjar. Þar eru líka yfirleitt einhverjir viðburðir um helgar yfir sumarið. Næsta laugardag er ball með Draugabandinu sem skipað er þeim snillingunum Ingólfi Steinssyni og Lárusi Grímsyni og sá síðarnefndi verður með barnaskemmtun á sunnudeginum. Um verslunarmannahelgina verður Spaðaball og helgina næstu á eftir er komið að Flateyjardögum sem hafa uppá margt að bjóða.

Hótelstjórinn Ingibjörg Pétursdóttir segir gistinguna fullbókaða næstu tvær helgar. Hún ætlar að hafa opið út september svo fremi næg aðsókn verði.

- gun



Litskrúðugir hanarnir frá Torfastöðum vekja athygli.

## Dýrin í öndvegi

UPPSTOÐPAÐIR REFIR, HANAR, LUNÐAR OG HRAFNAÐIR ÁSAMT HAUSUM AF HREINDÝRUM OG HRÚTUM FÁST Í UPPSTOÐUÐU BÚÐINNI Á HVOLSVELLI.

„Ég hef hvergi séð svona búð með uppstoppuðum dýrum og held þær séu ekkert algengar,“ segir Bjarni Sigurðsson, hestamaður og bóndi á Torfastöðum í Fljótshlíð. Hann rekur Uppstoppuðu búðina ásamt fjölskyldu sinni og meðal sóluvara eru skrautlegir hanar sem hann ræktar.

Uppstoppaða búðin er í litlu húsi við gistiheimilið Ásgarð í búðinni er líka smávegis af hestavörum frá Knapanum í Borgarnesi en dýrin eru í öndvegi. „Allt sem hægt er að stoppa upp verður selt í þessari búð,“ segir Bjarni.

- gun



„...fyrst á visir.is“



**visir.is**

...ég sá það á visir.is













KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15  
4.114 +1,40%

Fjöldi viðskipta: 195  
Velta: 3.316 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ ICELANDAIR +1,21%  
ATLANTIC AIRW. +1,01%  
TEYMI +0,67%

MESTA LÆKKUN

↓ EXISTA -3,56%  
CENTURY AL. -2,55%  
FÆREYJA BANKI -2,03%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,90 -0,15% ... Atorka 5,58 -0,71% ... Bakkavör 25,15 -0,79% ... Eimskipafélagið 14,25 +0,00% ... Exista 6,23 -3,56% ... Glitnir 14,86 -1,91% ... Icelandair Group 16,60 -0,60% ... Kaupþing 714,00 -1,25% ... Landsbankinn 22,75 -1,52% ... Marel 85,20 -0,70% ... SPRON 3,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 9,25 -1,49% ... Teymi 1,51 +0,67% ... Össur 85,50 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKADURINN nánar á visir.is

Hrina uppgjöra væntanleg

Fyrirtæki Kauphallar munu á næstunni hvert af öðru skila uppgjörum fyrir annan ársfjórðung. Morgunkorn Glitnis birti í gær lista yfir uppgjörsdaga fyrirtækjanna.

Hinn færeyski Eik banki og Century Aluminium skila uppgjörum sínum á morgun. Nýherji reið á vaðið í síðustu viku og skilaði þá sínu uppgjöri. Alls munu átta Kauphallarfélög birta uppgjör sín í næstu viku, þar á meðal allir bankarnir fjórir sem aðild eiga að Kauphöllinni.

Greining Glitnis

segir ljóst að bankarnir muni bókfæra töluverðan hagnað af gjaldeyrisvörnum eigin fjár og verðtrygðum eignum. Hins vegar sé ljóst að afskriftaþörf bankanna hafi aukist hratt undanfarið. Hjá mörgum rekstrarfélögum hafi horfur einnig versnað.

Greiningin telur að lykilþáttur í viðsnúningi á innlendum hlutabréfamarkaði sé erlend fjármögnun. „Fréttir af fjárfestingu erlendra aðila hér á landi og erlendri lánsfjármögnun eru því vísar til að hleypa lífi í markaðinn,“ segir í morgunkorni Glitnis.

annas@markadurinn.is

DAGSETNINGAR UPPGJÖRA KAUPHALLARFYRIRTÆKJA

Eik banki	24. júlí
Century Aluminium	24. júlí
Össur	29. júlí
Landsbankinn	29. júlí
Straumur	30. júlí
Bakkavör	31. júlí
Exista	31. júlí
Kaupþing	31. júlí
Teymi	31. júlí
Glitnir	1. ágúst
Færeya banki	6. ágúst
Marel	12. ágúst
Icelandair	19. ágúst
Atorka	26. ágúst
Alfesca	2. sept.
Eimskip	8. sept.



NÝJAR HÖFUÐSTÖÐVAR GLITNIS Glitnir er stærsti hluthafinn í Fasteign. Eitt af stærstu verkefnum Fasteignar er bygging nýrra höfuðstöðva bankans.

FRÉTTABLAÐIÐ/ADSEND MYND

Uppgjör umfram væntingar

Hagnaður af rekstri eignarhaldsfélagsins Fasteignar hf. á fyrri hluta ársins nemur ríflega 197 milljónum króna eftir skatta, samkvæmt nýbirtu uppgjöri. Að sögn félagsins er afkoman töluvert umfram væntingar. Stærstu hluthafar félagsins eru Glitnir og Reykjanesbær.

Í eignasafni Fasteignar eru um 70 fasteignir, meðal annars skólar, leikskólar, sundlaugar og bankar, samtals um 110 þúsund fermetrar. Einn af eigendum félagsins er Háskólinn í Reykjavík.

Fasteign sér nú um byggingu, fjármögnun og eignarhald á byggingu skólans í Nauthólvík. Auk þess mun Fasteign sjá um byggingu nýrra höfuðstöðva Glitnis.

- as



Í VERSLUN Lion Capital hefur fest kaup á Foodvest sem er meðal annars með Findus-vörurnar. Straumur fjárfestingarbanki veitti ráðgjöf við kaupin.

Sameining í matvælaíðnaði

Samkomulag hefur náðst um að Lion Capital kaupi Foodvest, sem er einn stærsti framleiðandi frystra matvæla í Evrópu. Foodvest er meðal annars með vörumerkin Findus og Young's á sínum snærum.

Gangi kaupin eftir er um að ræða ein stærstu kaup á matvæla-fyrirtæki í Evrópu það sem af er þessu ári.

Straumur fjárfestingabanki á 50,01 prósent hlut í Stamford Partners á Englandi sem var eini ráðgjafi Lion Capital í samninga-viðræðum um þessi kaup.

- bjpa

**Fjölskyldan saman með börnin í fókus**

SÝNUM UMHYGGJU Í VERKI

Foreldrar, verum samtaka!

- Vitum hvar börnin okkar eru og með hverjum
- Virðum útivistartímann
- Kaupum ekki áfengi fyrir yngri en 20 ára
- Setjum tímamörk á tölvunotkun
- Leyfum ekki eftirlitslaus party eða útilegur

**SAMAN**  
www.samanhopurinn.is

**POKASJÓÐUR**



# Kíktu í kjötborðið

Íslenskt nautakjöt á frábæru verði

OPIÐ  
tíl **20**  
alla daga



Kjöt & Fisktorgið  
Alltaf ferskt

Tilboð

3.498 kr/kg

Nautalundir  
úr kjötborði

Verð áður 4.264.-

## NAUTALUNDA- OG NAUTATUNGURAGÚ MEÐ BEIKONI

### Einar

800 g	nautalund
3-4 stk.	skalottlaukar
1-2 stk.	hvítlauksgeirar
50 g	sveppir
2 msk.	ólífuolía
200 g	reykt nautatunga (soðin)
100 g	beikon
1 dl	portvín
200 ml	nautasoð (ten. + vatn)
maizena sósujafnari	
maldon salt og pipar	

Skerið nautalundina í fjórar 200 g steikur og mótið með því að þrýsta ofan á sárið.

Afhýðið skalottlauka og hvítlauk og skerið fint ásamt sveppum. Mýkið sveppi og lauk í ólífuolíu á pönnu. Skerið nautatungu og beikon í litla teninga og bætið á pönnuna. Hellið portvíni út á og sjóðið niður um helming. Bætið nautasoði saman við og sjóðið í 20-25 mín. Þykkið ragúíð með sósujafnara og smakkið til með salti og pipar. Steikið nautasteikurnar á pönnu í 2-3 mín á hvorri hlið, á meðan ragúíð sýður. Kryddið með nýmöl-uðum pipar og maldon salti. Setjið nautalundirnar inn í 150°C heitan ofn í 4-6 mín. Gott er að bera steikt rötargrænmeti og steiktar nýjar kartöflur fram með ragúinu.



Kjöt & Fisktorgið  
Alltaf ferskt

Tilboð

2.498 kr/kg

Piparsteik  
úr kjötborði

Verð áður 3.398.-

## PIPARSTEIK MEÐ GRÁÐAOSTA-KARTÖFLUM

### Hrefna Rósa

800 g	nautafíle
2 msk.	ólífuolía
2 msk.	gróft malaður svartur pipar
2 msk.	gróft malaður hvítur pipar
2 msk.	maldon salt

Skerið nautafíle í 200 g steikur. Perrið kjötið og penslið með ólífuolíu. Blandið saman svörtum pipar, hvítum pipar og salti. Veltið steikunum upp úr piparblöndunni og steikið á heitri pönnu, jafnt á öllum hliðum. Setjið kjötið síðan inn í 200°C heitan ofn í 6 mín.

Sjóðið kartöflur í létt söltu vatni og hreinsið spínatið. Ristið furuhnetur á þurri, volgri pönnu. Skerið gráðaost í bita. Setjið kartöflurnar, með hýðinu, í skál og maukið gróft í höndunum. Blandið spínati, gráðaosti og furuhnetum saman við og kryddið með salti og pipar. Gott er að nota einnota hanska þegar kartöflurnar eru maukaðar.

### Gráðaostakartöflur:

12 stk.	rauðar íslenskar kartöflur
1 poki	spínat
100 g	furuhnetur
1 stk.	gráðaostur

salt og pipar



Kjöt & Fisktorgið  
Alltaf ferskt

Tilboð

2.398 kr/kg

Nautainnræri  
úr kjötborði

Verð áður 3.298.-

## INNBAKAÐ NAUTA-INNRALÆRI MEÐ KANTARELLUM

### Kristinn Freyr

1 kg	nautainnræri
3 msk.	dijon sinnep
200 g	kantarellur
2 plötur	smjördeig
1 stk.	egg
salt og nýmalaður pipar	

Skerið nautakjötið í þunnar sneiðar. Raðið í eldfast mót, smyrjið með dijon sinnepi og kryddið með salti og pipar. Stráið kantarellum yfir. Fletjið smjördeigið út og setjið það yfir. Sláið egg út með gaffli og penslið smjördeigið. Bakið í ofni við 200°C í 10 mín.

Gildir til 04. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

365

## TILBOÐ TIL HLUTHAFA 365 HF.

Tilboð opnað að nýju til miðvikudagsins 23. júlí 2008 kl. 16.00

Vegna fyrirhugaðrar afskráningar 365 hf. af skipulegum verðbréfamarkaði er hluthöfum 365 hf. gert tilboð um að selja hlutabréf sín í félaginu á gengi 1,20 kr. á hvern hlut. Tilboðið gildi til 11. júlí síðastliðinn en ákveðið hefur verið að opna það að nýju og mun tilboðið vera opið til kl. 16.00 þann 23. júlí næstkomandi.

Þeir hluthafar sem hafa ekki hug á að taka tilboðinu halda ósjálfrátt áfram sem hluthafar í óskráðu félagi 365.

Tilboðið er lagt fram á grundvelli nánari skilmála sem koma fram í bréfi sem sent var til hluthafa 3. júlí síðastliðinn. Í bréfinu eru einnig leiðbeiningar um tilboðið ásamt notandanafni og lykilorði, sem hluthafi verður að nota til að taka þátt í tilboðinu. Ef bréfið hefur ekki borist hluthafa skal hafa samband við 365 í síma 512 5000, þar sem eru veittar allar upplýsingar.

Stjórn 365 hf.

365 – Skaftahlöð 24 – 105 Reykjavík – Sími 512 5000 – www.365.is

**NÝTT!**  
Lögin beint inn í iTunes og á iPod

# Fyll'ann takk!



**Vertu tilbúinn í sumarfríð!**

Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af toppónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.

Tónlist.is

Auglýsingasími

# 512 50 50



– Mest lesið

## STUÐ MILLI STRÍÐA Ofvirk samviska

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR SLAPP NAUMLÉGA FRÁ ÞVI AÐ FREMJA ÁTTFALT MORÐ



Ökuferill minn hefur verið nokkuð farsæll síðan ég dreif mig loksins, loksins, loksins í að taka bílprófið fyrir þremur árum síðan. Ég þarf vart að taka það fram að ég var komin vel fram yfir hinn hefðbundna bílprófsaldur þegar ég settist fyrst skjálfandi upp í bíl bílstjórmeigin og fláði mig eins og ömmu í ökuskólanum. Ég hef líka verið eins og samviskusöm amma í umferðinni og myndi frekar deyja en að fara út úr hringtorgi án þess að gefa stefnuljós. Ferillinn beið hins vegar hnekki í síðustu viku.

Þá munaði litlu að ég gerðist sek um áttfalt morð þar sem ég ók

grunlaus í átt til Hafnarfjarðar. Þegar ég nálgadist gatnamótin við Garðabæ hægði ég að sjálfsgöðu á mér, enda dettur hámarkshraði úr áttatíu og niður í sextíu á þeim vegarkafli, eins og ég efast ekki um að allir ökumenn á höfuðborgarsvæðinu séu meðvitaðir um og hlýði undantekningalaust. Ég get bara þróað mig sæla fyrir að vera með svona ofvirka samvisku, því um leið og ég steig á bremsuna negldu þrjár bílar í kringum mig sömuleiðis niður. Ástæðan kom snarlega í ljós: ein andamma og sjö andarungar spígsporuðu um á götunni.

Ég fraus og horfði á líf mitt renna hjá augunum á mér. Ef hefði snarbremsað hefði ég fengið vörubíl í bakið. Ef ég gerði það ekki

myndi ég hins vegar keyra yfir sjö saklausa andarunga. Ég fór milli-vegin: bremsaði laust og lokaði augunum svo ásynðin af skelfingu lostnum ungum, augnabliki fyrir dauðann, yrði ekki að eilífu brennd á nethimnu mína. Þegar bíllinn hafði stoppað, og hjartað í mér sömuleiðis, liðu ógnarlangar sekúndur, þar til ég sá andarfjölskylduna vappa áfram upp á grasbala. Ég hafði sem sagt keyrt yfir ungana, en fyrir einhverja guðs mildi höfðu þeir ræna á að halda sig á milli dekkjanna.

Ég er enn að jafna mig. Og ég tek ekki lengur við skotum á ofvirka samvisku sem ökumaður. Hún forðaði mér frá áttföldu morði. Hraðinn drepur, í alvöru.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





**Kl. 20**

Finnski listamaðurinn Tero Nauha kynnir sig og verk sín á listamannaspyllinu í SÍM-húsinu, Hafnarstræti 16, í kvöld kl. 20. Nauha stundaði myndlistarnám í Finnlandi, Póllandi og Hollandi og hefur undanfarin ár unnið í nánú samstarfi við konu sína, Karolinu Kucia frá Póllandi, en saman mynda þau tvíeykið Kukkia Group. Karolina tekur einnig þátt í spjallinu.

# menning

menning@frettabladid.is

## Ljósmyndir af tónlist Bachs, píanó og nikka

Það verður mikið um að vera í tónlistar- og menningarhúsinu Hömrum á Ísafirði þessa vikuna. Píanóleikarinn Anna Áslaug Ragnarsdóttir kemur þar fram á tónleikum annað kvöld kl. 20 og leikur ýmsar píanóperlur eftir Bach, Beethoven, Chopin, Jónas Tómasson og Olivier Messiaen. Aðgangur að þessum skemmtilegu tónleikum er ókeypis.

Á föstudagskvöld kl. 20 er svo komið að því að rúmenski ljósmyndarinn Octavian Balea opni sýningu á verkum sínum í Hömrum undir yfirskriftinni Engill og brúða. Aðaluppistaða sýningarinnar eru ljósmyndir sem hann tengir við frægt tónverk Bachs, Goldberg-tilbrigðin. Kvöldið er þó ekki einungis helgað ljósmyndalistinni þar sem að finnski harmóníkuleikarinn Terhi Sjöblom kemur fram við opnun sýningarinnar og leikur nokkur vel valin verk. Terhi kemur svo fram á tónleikum í Hömrum á laugardag kl. 16, en á efnisskrá hennar eru aðallega verk eftir norræn tónskáld. Aðgangur að tónleikum-



**ANNA ÁSLAUG RAGNARSDÓTTIR** Kemur fram á tónleikum í Hömrum á Ísafirði annað kvöld.

um og sýningunni er ókeypis en þau Octavian og Terhi hlutu styrk úr Norræna menningarsjóðnum til Íslandsferðarinnar. -vp

## Tónlist fyrir orgel og horn á hádegistónleikum

Á hádegistónleikum í Dómkirkjunni í Reykjavík á morgun koma fram hornleikarinn Svafa Þórhallsdóttir og Sigrún Magna Þórsteinsdóttir orgelleikari. Tónleikarnir, sem hefjast kl. 12.15, eru hluti af röð tónleika sem haldnir eru í samvinnu Félags íslenskra organleikara og Alþjóðlegs orgelsumars.

Á efnisskrá þeirra Svöfu og Sigrúnar eru þrjú verk. Fyrst leika þær fjóra kafla úr Svítu í D-dúr eftir G.F. Händel en svítan hefur verið umrituð fyrir horn og orgel. Þá leika þær Annam per Annam eftir Arvo Pärt, eitt þekktasta núlifandi tónskáld Eistlands. Síðast á efnisskrá þeirra er Andante pour Cor et Orgue eftir franska tónskáldið Camille Saint-Saëns. -vp



**SIGRÚN MAGNA ÞÓRSTEINSDÓTTIR** Kemur fram á tónleikum í Dómkirkjunni í hádeginu á morgun.

## Innsýn í líf ímyndaðrar konu

Sýning þýsku myndlistarkonunnar Önnu Miels var opnuð í Dalí Gallery, Brekkugötu 9 á Akureyri, í gær. Á sýningunni má sjá verk sem tengjast hefðbundnum uppstillingum og blæti.

Sýningin hverfist að nokkru leyti um ímyndaða persónu sem ber nafnið Sibille Schmidt. Sibille þessi er kona um fertugt sem býr í Austur-Þýskalandi seint á áttunda áratug síðustu aldar. Miels reynir með verkum sínum að skapa svipmynd af hugarástandi Sibille Schmidt; sýningargestir geta virt fyrir sér ýmsa hluti sem Schmidt umgengst í dagsdaglegu lífi sínu.



**SÁLARLÍF SIBILLE SCHMIDT** Verk eftir þýsku listakonuna Önnu Miels.

Sýning Önnu Miels stendur til 31. júlí. -vp



**LEIKLIST** Elma Lisa Gunnarsdóttir og Arndís Egilsdóttir, leikkonur og stofninn í Sokkabandinu.

MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

# Hér&nú! fer til Finnlands

**Leiksyning Sokkabandsins Hér&nú! fer inn á aðal dagskrá Leiklistarhátiðarinnar í Tampere sem þar er haldin í byrjun ágúst. Þær sokkabandsstóllur slást í hóp þeirra íslensku leiksyninga sem hlotið hafa þann heiður að vera eina íslenska verkið sem þar er í ár.**

Tampere-hátiðin er ekki mikið þekkt utan Norðurlanda og má segja að áhugasvæði hennar liggja austar og suðureftir. Þetta er mikil hátið fyrir 210 þúsund manna borg nyrst í Finnlandi sem reyndar er talin leikhúsmiðstöð Finnlands. Hún er nú haldin í fertugasta sinn. Þangað er boðið um tug sviðsetninga. Þá koma til borgarinnar á fjórða tug leikflokka sem sýna utan dagskrár. Svo er opið skemmtitjald með rúllandi dagskrá söngflutnings og margt fleira er við að vera. Í tengslum við Tampere Teaterfestival eru Norrænir leikhúsdagar með annarri dagskrá. Það er því nóg að gera. Í fyrri söttu 76 þúsund gestir hátiðina og 26 þúsund söttu sýningar hennar. Sýningarkvöldin voru 347. Má af þessum tölum sjá að Tampere breytist þessa viku eftir verslun-

armannahelgi.

Elma Lisa Gunnarsdóttir og Arndís Egilsdóttir eru hryggurinn í Sokkabandinu. Kompaníð á nú fimm sviðsetningar að baki. Upphaflega var Þrúður Vilhjálmsdóttir þriðji maðurinn en nú eru þær tvær. Sýningar hópsins hafa allar orðið til með tilstyrk Leiklistarráðs. Allar sviðsetningar þeirra utan ein eru frumsmíðar. Hér&nú! var sett saman af leikhópi sem þær slógu saman og voru sýningar í Borgarleikhúsinu í fyrri. Verkið var svo valið á LOKAL, alþjóðlega leiklistarhátið sem hér var í vor. Leitarmaður frá Tampere kom hingað og hafði upp úr heimsókninni tvær sýningar sem nú eru á aðal dagskrá Tampere. Ferðin þangað nýtur styrks Thaliu sem er styrktarsjóður í leikhúslífinu rétt eins og Loftbrú er í tónlistarlífinu. Bæði Arndís og Elma eru í hópi þeirra leikhúslíamanna sem eru á markaðnum. Arndís hefur einkum einbeitt sér að dagskrárgerð í útvarpi og leikið í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Elma er nú með árssamning við Þjóðleikhúsið þriðja árið í röð.

Þær segja Sokkabandið hafa orðið til sökum verkefnaskorts. Hugmynd kom upp og þær fengu

styrk. Og aftur og aftur. Þær eru í hópi þeirra sem hafa notið áhuga Leiklistarráðs þótt ekki fengu þær verkefni styrkt í ár. Rekstur á sýningum á litlum styrkjum er hark og oft bera menn lítið úr bítunum. Þær segja Hafnarfjarðarleikhúsið hafa staðið vel við bakið á þeim sýningum sem þær hafa fengið inni með suður í Firði. Hér&nú! fékk inni í Borgarleikhúsi samkvæmt samningi LR og Reykjavíkurborgar. Þá er hóp eins og Sokkabandinu að bætast liðstyrkur í nýjum innréttingum í Tjarnarbíói. Þær hafa leikið víðar: í Iðni og í Sjóminjasafninu úti á Granda.

Þær eru nú að læra textann á ensku. Hluti af leikmynd fer með þeim en „svo verður maður bara að bjarga sér á staðnum“, segir Elma Lisa. „Þeim fannst eitthvað þökn í þessu og að sýningin væri í takt við það sem er að gerast víða í leikhúsi meginlandsins.“ segir Arndís. „Ætli við fáum ekki fleiri boð“, segir Elma og yppir öxlum. Þær víðurkenna að fyrstu tilraunir þeirra hafi bæði verið sjálfstyrking og atvinnuleysi. „Ögrunin var að búa eitthvað til úr engu“, segir Arndís. Og nú verður verk þessa hóps lagt undir erlenda mælistiku. Þau fara um tólf og bætast í stóra sveit íslenskra leikhúsmanna sem verður í Tampere. pbb@frettabladid.is

# Norrænir leikhúsdagar

Meðan á hátiðinni í Tampere stendur er haldið upp á Norræna leikhúsdaga og er það ánægjulegt tækifæri til að sameina þessar tvær hátiðir. Verður því talsvert meira af norrænu leikhúsfólki í Tampere.

Á Norrænum leikhúsdögum verða Leikskáldaverðlaun Norðurlanda afhent í niunda sinn. Annað hvert ár eru valin áhugaverðustu frumsömu verkin í hverju landi frá árunum á undan, þau sett undir alþjóðlega mælistiku og eitt verðlaunað. Verkin sem nú eru tilnefnd eru Om et øjeblik eftir Peter Asmussen frá Danmörku, Fundamentalist eftir Juha Jokela frá Finnlandi sem flutt verður á hátiðinni af færæskum leikhóp, Óhapp Bjarna Jónssonar og Valerie Jean Solanas ska bli president í Amerika eftir Sara Stridsberg frá Svíþjóð.

Verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn 1992 á Norrænum leikhúsdögum í Reykjavík og fékk Hrafnhildur Hagalín þá verðlaunin fyrir Ég er meistarinn. Aðrir norrænir höfundar sem þegið hafa þennan heiður fyrir verk sín eru Kari Hotakainen, Astrid Saalbach, Jóanes Nielsen, Jon Fosse, Lars Norén, Paavo Haa-

vikko og Svend Holm. Ekkert verðlaunaverka þeirra hefur komið á svið hér á landi.

Norrænir leikhúsdaga eru nú haldnir á sjötugs afmæli norræns leikhússamstarfs. Hátiðin nýtur styrkja Norrænu ráðherranefndarinnar. Öll tilnefndu verkin eru leiklesin á hátiðinni nema færæyska framlagið. Tilgangur daganna er að efla samskipti milli norrænna leikflokka og leikhúsfólks. Að auki er boðið uppá námskeið, kynningar og umræður auk alls þess fjölda leiksyninga sem má skoða á hátiðinni. Sökum þess að dagskrána sækja margir alþjóðlegir gestir er opinbert tungumál hátiðarinnar enska.

Margt er forvitnilegt á dagskrá þessa daga og kemur íslenskt leikhúsfólk að þeirri vinnu: umræður um sjálfsmýnd og menningu í norrænu leikhúsi; þemu í rússneskri, baltneskri og bandarískri leikritun

**LEIKLIST** Sara Stridsberg er tilnefnd fyrir leikverk sitt upp úr skáldsögunni - heimildaverkinu - Jean Solanas ska bli president í Amerika sem tryggði henni bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í fyrri.

og einnig í norrænni leikritun þar sem Hlín Agnarsdóttir verður á palli. Í ljósi reynslu munu menn ræða hvers vegna norræn leikrit eru læst innan landamæra þjóðanna. Hávar Sigurjónsson verður á palli að stýra umræðum um höfundasmíðjur og nýjar leiðir í sköpun leikverka. Ragnheiður Skúladóttir leiðir umræður um hlutverk gagnrýnenda í nýju fjölmiðlaumhverfi. Egill Heiðar Anton Pálsson

ráðir í hóp um bannsvið og rit-skoðun í leikhúsi. -pbb



## > VINNUR MED SLASH

Fergie hefur unnið með ólíklegasta fólki í gegnum tíðina, en nú síðast fékk hún gítarogðsögnina **Slash** með sér á sviði á tónleikum. Fergie þurfti þó að kynna rokkarann aðeins fyrir aðdáendum sínum enda margir í yngri kantinum. Hún benti þeim á að þeir könnuðust eflaust við hann úr tölvuleiknum Guitar Hero.



## Páll Óskar tók sporið

Páll Óskar Hjálmtýsson var í essinu sínu við tókur á auglýsingu Byrs í Hafnarfirði á föstudaginn. Eins og sjá má var mikið um litadýró í skruðgöngunni sem Páll leiddi um Austurgötu í gamla miðbæ Hafnarfjarðar á meðan hann söng lag sitt, Betra líf. Eins mátti sjá söngvarann taka sporið eins og honum er einum lagið.



INNLIFFUN Aðstandendur gáfu allt í dans og söng. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

## Verður pabbi

Nýjustu fregnir herma að rapparinn og tónlistarmaðurinn vinsæli, Pharell Williams, eigi nú von á barni. Pharell og tilvonandi barnsmóðir hans eru víst ekki saman en hún ku vera komin nokkuð langt á leið. „Pharell er mjög lokaður og vill ekki fara út í nein smáatriði,“ sagði vinur rapparans um málið.



## fólk

folk@frettabladid.is



ÁNÆGD Kate og Jamie fengu sér nokkra kalda og virtust vera hin ánægðustu.

## Saman á ný

Fyrir nokkrum vikum bárust þær fregnir að ofurfyrirsætan Kate Moss væri hætt með kærasta sínum, söngvaranum Jamie Hince. Jamie og Kate eiga að hafa rifist heiftarlega og endað sambandið og flutti Jamie í kjölfar þess út frá Kate. Jamie lét þó þau orð falla stuttu eftir sambandslitin að hann væri fullviss um að hann og Kate mundu byrja aftur saman. Söngvarinn hafði rétt fyrir sér í þetta sinnið því fyrr í vikunni sást til hans og Kate þar sem þau reyktu og drukkun saman nokkra bjóra og fóru síðan í smá verslunarleiðangur.

## Peaches tók of stóran skammt

Dóttir Bob Geldof var nær dauða en lífi þegar hún tók of stóran skammt af eiturlyfjum um daginn. Hin nítján ára Peaches Geldof hætti að anda í nokkrar mínútur og ef ekki hefði verið fyrir skjót viðbrögð vina hennar hefði getað farið fyrir henni líkt og móður hennar, Paulu Yates, sem lést eftir að hafa tekið of stóran skammt af eiturlyfjum árið 2000.



PEACHES GELDOLF

Vinur stúlkunnar hringdi á sjúkrahús eftir að Peaches hné niður og gerði sjálfur tilraun til endurlífgunar. Peaches náði meðvitund stuttu eftir komu sjúkrálfanna og þvertók fyrir að láta flytja sig upp á sjúkrahús af ótta við að faðir hennar kæmst að því sem hafði gerst. „Það er ótrúlegt að þetta hafi komið fyrir Peaches, flestir hefðu haldið að hún myndi halda sig frá eiturlyfjum eftir að hafa misst móður sína á svo hræðilegan hátt. Vinur hennar bjargaði lífi hennar, það er engin spurning,“ sagði heimildarmaður í viðtali við The Sun.



## ÉG FER ALDREI TIL HOLLYWOOD

Dagur Kári Pétursson hefur lokið tókum á nýjustu kvikmynd sinni, **The Good Heart**, og er kominn heim á klakann á ný. Vinnunni er þó langt því frá lokið því nú tekur við öll eftirvinna myndarinnar. Sara McMahon hitti Dag Kára og fékk að heyra allt um myndina, sem frumsýnd verður í byrjun næsta árs.

„Ég er eiginlega nýkominn inn úr dyrunum, var að klára að ryksuga og er rétt byrjaður að skoða gluggapóstinn sem beið mín,“ segir Dagur Kári Pétursson, vonarstjarna íslenskrar kvikmyndagerðar. Dagur hefur nýlengi tókum á kvikmyndinni **The Good Heart** en þær fóru fram hér á landi, í New York og í Dóminíska lýðveldinu.

Handritið að **The Good Heart** er eftir Dag sjálfan og var það heil átta ár í vinnslu. „Ég byrjaði að skrifa handritið áður en ég fór í tókur á Nóa albínóa og hef verið að vinna í því síðan. Þetta hefur því verið frekar hægt ferli og hugmyndin hefur verið að gerjast og marinerast í langan tíma,“ segir leikstjórinn.

Kvikmyndin fjallar um hjartveikan bareiganda sem tekur heimilislausan mann upp á arma sína með það í huga að arfleifa hann að barnum. Þegar Dagur Kári er spurður út í hugmyndina að handritinu vill hann lítið segja. „Sjálft kveikjan að handritinu er í raun það sem mun koma einna mest á óvart í myndinni og því vil ég helst ekki uppljóstra því. En það var sem sagt út frá þeirri hugmynd sem allt annað spannst. Myndin er þó rökrétt framhald af fyrri verkum mínum. Ég vinn alltaf út frá hómur og reyni svo að sulla honum saman við einhvers konar harmleik. En þegar allt kemur til alls er ég bara að reyna að búa til þá bíómynd sem ég myndi sjálfur vilja horfa á í bíó.“

### Erfið leit að leikurum

Kvikmyndin skartar skoska leikaranum Brian Cox og hinum unga Paul Dano í aðalhlutverkum og vill svo skemmtilega til að þetta er í annað sinn sem þeir leika móti hvor öðrum, en þeir léku saman í



VIÐ TÖKUR Í NEW YORK Dagur leiðbeinir stjórnum Paul Dano og Brian Cox á tókustað í New York.

kvikmyndinni **L.I.E.** árið 2001. Ýmsir leikarar voru orðaðir við hlutverk í kvikmyndinni til að byrja með og má þar helst nefna tónlistarmanninn Tom Waits og leikarann Ryan Gosling. Á endanum voru það þó þeir Cox og Dano sem lönduðu hlutverkunum. „Sagan gerist í stórborg og því þurftum við að leita að enskum eða bandarískum leikurum. Í Bandaríkjunum ganga hlutirnir allt öðruvísi fyrir sig en hér heima og þó að leikarar segi já á einhverjum tímapunkti þá er merking þess orðs þar oft mjög loðin. Það tók því langan tíma fyrir okkur að finna endanlega leikara í hlutverkin.“

Franska leikkonan Isild Le Besco fer með aðalkvenhlutverk myndarinnar en hana hafði Dagur Kári séð leika áður. „Mér fannst hún vera með mjög sterka nærveru og mikla útgeislun og ákvað að laga kvenhlutverkið að henni.“ Dagur Kári segist vera mjög ánægður með leikara myndarinnar og segir þá vinna vel saman þrátt fyrir ólíkan bakgrunn. „Þau þöskuðu mjög vel í hlutverkin og stóðu sig öll gríðarlega vel.“

### Dagur er ávísun á gæði

**The Good Heart** er dýrasta mynd Dags Kára til þessa og jafnframt sú umfangsmesta. Meðal þess sem má sjá í myndinni er raunveruleg hjartaaðgerð sem framkvæmd var af Tómasi Guðbjartssyni hjartaskurðlækni á Landspítalanum. „Það var mjög flókið mál og krafðist mikils undirbúnings en þetta var ótrúleg upplifun og allir sem stóðu að þessu unnu þetta mjög vel og starfsfólk Landspítalans reyndist okkur í alla staði frábærlega,“ segir Dagur Kári, en þetta er í fyrsta sinn sem raunveruleg aðgerð er sýnd í íslenskri kvikmynd. Tökur á myndinni fóru að mestu leyti fram hér á landi en einnig í New York og í Dóminíska lýðveldinu, en Dagur Kári segist hafa gert það að venju að enda kvikmyndir sínar á suðlægum slóðum. „Í Nóa albínóa enduðum við á Kúbu, í Voksne mennesker enduðum við á Spáni og **The Good Heart** endar sem sagt í Dóminíska lýðveldinu. Einhverra hluta vegna hafa allar mínar myndir haft einhvers konar tengingu við suðræn lönd en svo hefur þetta snúist upp í hálfgerðan brandara hjá mér að enda alltaf tókurnar á pálmaströnd.“



KOMINN Í LANGPRÁÐ FRÍ Dagur Kári Pétursson lauk nýverið tókum á næstu kvikmynd sinni, **The Good Heart**. Leikstjórinn tekur sér langþráð frí áður en lokavinsla á henni hefst. Myndin er væntanleg í kvikmyndahús snemma á næsta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Þó að kvikmyndin sjálf sé ekki fullunnin virðist sem Dagur Kári hafi enn og aftur hitt naglann á höfuðið því myndin hefur nú þegar unnið til verðlauna. Dagur hlaut NHK-verðlaunin á hinni virtu Sundance-kvikmyndahátíð fyrir handrit sitt að **The Good Heart**. Verkefnið hlaut einnig styrk frá Eurimages og Nordisk Film og TV fund og sagði framleiðandinn Þórir Snær Sigurjónsson hjá Zik Zak við það tækifæri að sterkt handrit og nafn Dags Kára sem leikstjóra sé ástæðan fyrir að svo hátt styrkur fékkst, en nafn Dags þykir nú orðið ávísun á gæði.

### Erfitt að skrifa á íslensku

Dagur Kári segir að áhuginn á kvikmyndagerð hafi fyrst kviknað í menntaskóla. „Á þeim tíma komst ég að því að kvikmyndagerð sameinadi mörg áhugamál mín líkt og tónlist, ljósmyndun og skriftir, þetta kemur allt saman í þessu fagi.“ Spurður hvort ekki hafi verið erfitt að skrifa handritið á ensku segir hann að svo sé ekki. „Mér finnst mun auðveldara að skrifa á dönsku eða ensku heldur en á íslensku. Íslenskt ritmál tekur sig mjög háttíðlega og maður ber óttablandna virðingu í garð þess. Það er mikill munur á íslensku ritmáli og íslensku götumáli og erfitt að brúa bilið þar á milli. Þess vegna virðast samtöl

oft mjög stírið í íslenskum kvikmyndum.“ Dagur segist þó gjarnan vilja gera næstu kvikmynd á Íslandi og því sé líklegt að hann skrifi næsta handrit á íslensku. „Það er ekki eitthvað óyfirtáanlegt fyrir mig að skrifa á íslensku þó að mér þyki hitt að mörgu leyti auðveldara.“

### Stíg ekki fæti í Hollywood

Stefnt er á að kvikmyndin verði tilbúin í byrjun næsta árs þegar búin er að vinna alla hljóð- og klippi-vinnu. Líkt og með fyrri kvikmyndir Dags Kára mun hann semja tónlistina við myndina sjálfur ásamt Orra Jónssyni, en saman skipa þeir hljómsveitina **Slowblow**. Dagur Kári stefnir á að koma **The Good Heart** í kvikmyndahús hér heima jafnt sem erlendis. „Við erum með mjög stórt og þekkt fyrirtæki sem mun sjá um að selja myndina og það lofar allt saman mjög góðu, þótt það sé aldrei á vísann að róa í þeim efnun.“

Er þá stefnan tekin á bíoborgina Hollywood í nánustu framtíð? „Nei, það er alveg klárt að þangað inn mun ég ekki stíga fæti. Ég ætla bara að einbeita mér að því að klára myndina og svo er líklegt að maður taki sér smá frí og safni nýjum hugmyndum í sarpinn,“ segir þessi hlédrægi leikstjóri að lokum.

sara@frettabladid.is



skemmtilegri

RÍKIÐ - HEFST Í ÁGÚST Á STÖÐ 2

# NÝ DREPFYNDIN GAMANÞÁTTARÖÐ

FRÁ HINUM SÖMU OG GERÐU FÓSTBRÆÐUR, SVÍNASÚPUNA OG STELPURNAR



KYNNTU ÞÉR  
VETRARDAGSKRÁ  
STÖÐVAR 2 Á  
STOD2.IS

SVEPPI - AUDDI - ÞORSTEINN BACHMANN - ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR

HALLDÓRA GEIRHARÐSDÓTTIR - EGGERT ÞORLEIFSSON - BENEDIKT ERLINGSSON - VÍKINGUR KRISTJÁNSSON  
VIGNIR RAFN VALÞÓRSSON - INGA MARÍA VALDIMARSDÓTTIR - JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON - KATLA MARGRÉT ÞORGEIRSDÓTTIR  
LEIKSTJÓRI - SILJA HAUKSDÓTTIR

# Sökuð um smygl á fólki

Mr Silla og Mongoose halda upp á hálfis árs afmæli plötunnar sinnar, Foxbite, á Organ í kvöld. „Við ætlum að reyna að gera þetta svolítið afmælislegt. Skreyta og vera kannski með köku,“ segir Sigurlaug Gísladóttir, eða Mr Silla. Hey Calipso og Clive hita upp. „Við erum með svolítið öðruvísi útgáfur en eru á plötunni. Við erum búin að breyta lögnum aðeins og við spilum meira sjálf.“

Löng bið hefur verið eftir tónleikum með tvíeykinu, en Sigurlaug er búin að vera á tónleikaferðalagi með múm um Evrópu. Þau Magnús B. Skarphéðinson, eða Mongoose, spiluðu einnig á hluta þess ferðalags. Margt skemmtilegt henti hópinn á ferðalaginu. „Einhvern tímann vorum við að fara yfir landamæri og vorum með svona „trailer“ aftan á rútunni. Einn meðlimur í Seabear fer í „trailerinn“ að ná í passann sinn. Þar sitja þá bara fjórir menn sem hafa ekkert með okkur að gera að reyna að smygla sér yfir landamærin. Við vorum föst þarna í fleiri tíma og ásökuð um að vera amatörar í mannsmygli.“

Sigurlaug hefur verið í leyfi frá myndlist í LHÍ, en snýr nú aftur að því. Magnús er hins vegar að fara til Japans í listamannasetur í tvo mánuði og því von á að langt verði í næstu tónleika sveitarinnar. „Við



BREYTA OG BÆTA Mr Silla og Mongoose halda upp á afmæli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

gerum kannski eitthvað meira í vetur, en það verður þá frekar eitthvað nýtt efni heldur en þetta.“ Annars er nóg að gera hjá Sigurlaugu. „Ég er búin að vera í Galtarvita í mánuði að taka upp plötu til styrktar vitanum. Svo erum við að taka upp nýja múm-plötu.“

Tónleikarnir hefjast um tíu og kostar 500 krónur inn. - kbs

# Jaðarrokk í prumpulykt

Sumargleði útgáfunnar Kimi er nú í algleymi og lýkur með stórtónleikum á Nasa í kvöld. Hljóm-sveitirnar Benni Hemm Hemm, Reykjavík!, Borko og Morðingjarnir beyttu um landið í síðustu viku og héldu sex tónleika frá mánudegi til laugardags úti á landsbyggðinni.



SUMARGLEÐIN Á ÍSAFIRÐI Meðlimir hljómsveitanna Benni Hemm Hemm, Reykjavík!, Borko og Morðingjarnir gáfu sér tíma til að stilla sér upp í báti á Ísafirði. Öll þessi bönd spila á Nasa í kvöld. LÍÓSMYND/JULIA STAPLES

„Þetta gekk eins og í sögu og gerði mikið fyrir hljómsveitirnar jafnt og „leibelið“,“ segir Baldvin Esra, forstjóri Kima, öflugasta plötuútgáfufyrirtækis landsins um þessar mundir. Hann gerir út frá Akureyri. „Þetta hefði þó aldrei gengið upp ef við hefðum ekki fengið styrk frá Kraumi. Án þess styrks hefði þurft að kosta 5.000 kall inn á hverja tónleika.“

„Sjálfur ólst ég upp á Ísafirði og það var mjög mikilvægt að fá bönd eins og Sororicide, Sigur Rós og Maus til að koma og spila,“ segir Haukur Magnússon í Reykjavík! „Ef enginn kíkir á landsbyggðina verður menningarbilíð á milli höfuðborgar og landsbyggðar ennþá

meira. Þótt allir geti verið vinir á Myspace er það bara ekki nóg.“

Misjöfn mæting var á tónleikana. „Það var frábær mæting á Ísafirði og Húsavík og svo vorum við heppnir að detta inn á Lungá á Seyðisfirði þar sem mikið af jaðarfólki safnast saman,“ segir Baldvin. „Stokkseyri og Höfn stóðust alveg væntingar miðað við staðsetningu en tónleikarnir á Akureyri voru þeir einu sem

voru undir væntingum. Mér finnst það satt að segja hálf ömurlengt að ekki fleiri hafi mætt. Maður er að halda úti útgáfufyrirtæki í bænum sem hlýtur að efla menningarlífið og svo mætir bara enginn.“

„Morðingjarnir unnu bolakeppnina með bolnum „Hvítt rusl – svona gerist ef maður ríður frænku sinni“,“ segir Haukur. Hann segir ekki góðri lukku stýra að drekka bjór upp á hvern dag. „Við guldum þess í rútunni. Þar var gríðarleg prumpulykt. Þrátt fyrir það myndi ég hiklaust vera á stanslausum túr um landið ef það væri nógu stórt til að bera það.“

Öllu verður tjaldað til á lokatónleikum Sumargleðinnar í kvöld. Þar kostar þúsund kall inn eins og á aðra tónleika Sumargleðinnar. „Það er gott í kreppunni og svo verður auðvitað hægt að gera góð kaup á vörum fyrirtækisins,“ segir Baldvin. gunnarh@frettabladid.is



ÖLL BÖNDIN SAMAN Í LOKAATRÍÐINU Góður félagsskapur vill myndast með því að hlunkast saman í rútu í prumpulykt. LÍÓSMYND/JULIA STAPLES



BÖNDIN, RÚTAN OG HENSON-GALLARNIR Sumargleði Kima klikkar ekki á smáatriðunum á Seyðisfirði. LÍÓSMYND/JULIA STAPLES

# Fyrst Íslendinga á World Music Expo

Ólöfu Arnalds hefur verið boðið pláss á hinn mikilvægu WOMEX, eða World Music Expo. Ólöf er fyrsti Íslendingurinn sem býðst þátttaka. WOMEX er nokkurs konar tónlistarmarkaður, þar sem má njóta tónlistar frá öllum heiminum og er lögd áhersla á þjóðlega tónlist af öllum toga. WOMEX er því gríðarlegt tækifæri fyrir listamenn og er stærst sinnar tegundar. Alls 600 listamenn sækja um árlega en aðeins nokkrar tylftrir fá pláss. Í ár verður WOMEX haldin í Sevilla, Spáni og stendur frá 29. október til 2. nóvember. Búist er við um 750 plötufrirtækjum og dreifingaraðilum og 350 blaða- og fréttamönnum. Þá mæta allt að þúsund tónleikahaldarar og skipuleggjendur hátíða. Ólöf hefur verið á tónleikaferðalagi og spilar á Feeërieën Festival í Brussel á föstudag. Hún vinnur einnig að



MIKILL HEIÐUR Ólöfu Arnalds hefur verið boðið á hina virtu WOMEX. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

annarri plötu sinni, en Við og við var valin hljómplata ársins í flokknum ýmis tónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum 2007. - kbs

# The Boys orðnir menn

Viðtal við bræður Arnar og Rúnar Halldórssyni birtist á norska vefmiðlinum Dagbladet.no fyrir stuttu. Þar ræddi blaðamaður við þá bræður um lífið eftir The Boys, en bræðurnir náðu miklum vinsældum með hljómsveit sinni fyrir næstum tveim áratugum. Í dag vinnur Rúnar sem arkitekt í New York en Arnar starfar hjá Saga-Film. Þeir bræður segjast báðir eiga kærustu og hefur sá yngri, Arnar, verið með sinni í heil sjó ár. Rúnar stundaði nám í Kaupmanna-höfn og segist hann ætla að flytja þangað aftur að ári líðnu þar sem lífið í New York geti verið erfitt.



THE BOYS Arnar og Rúnar Halldórssynir voru vinsælir í Noregi.

**NÝTT Í BÍÓ!**

**BESTA MYND ALDARINNAR!** EF ÞÚ SERÐ EINA MYND Á ÁRINU ÞÁ ER ÞETTA MYNDIN!

STJERSTA OPNUN ÁRSINS A SPENNUTRYLLI Í USA!

REGNBÖGINN 650 kr. SUMARTILBOÐ

THE STRANGERS	kl. 6-8-10	16
HELLBOY 2	kl. 5:30-8-10:30	12
MAMMA MIA	kl. 5:30-8-10:30	L
MAMMA MIA LÚXUS	kl. 5:30-8-10:30	L
MEET DAVE	kl. 3:45	7
HANCOCK	kl. 5:50-8-10:10	12
KUNG FU PANDA	kl. 3:45	L
THE STRANGERS	kl. 6-8-10	16
MAMMA MIA	kl. 5:30-8-10:30	L
HANCOCK	kl. 10:20	12
MEET DAVE	kl. 5:50-8	7
BIG STAN	kl. 5:50-8	12
THE INCREDIBLE HULK	kl. 10:10	12

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIDDAN Á [midi.is](http://midi.is)

**Nýtt í bíó** LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE DARK KNIGHT	kl. 4, 7 og 10-POWER	12
HELLBOY 2	kl. 8 og 10:15	12
MAMMA MIA	kl. 3:40, 5:50, 8 og 10:15	L

**BESTA MYND ALDARINNAR!** EF ÞÚ SERÐ EINA MYND Á ÁRINU ÞÁ ER ÞETTA MYNDIN!

deception

ALFABAKKA			SELFOSS		
DARK KNIGHT	kl. 5-8-11:10	12	DARK KNIGHT	kl. 8-11	12
DARK KNIGHT	kl. 5-8-11:10	VIP	MAMMA MIA	kl. 8	L
MAMMA MIA	kl. 3:40-6-8:20	L	BIG STAN	kl. 10:20	12
DECEPTION	kl. 8-11:10	14	AKUREYRI		
KUNG FU PANDA	kl. 3:40-5:50	L	DARK KNIGHT	kl. 5-8-11	12
KUNG FU PANDA	kl. 4-6-8-10:10	L	KUNG FU PANDA	kl. 6	L
WANTED	kl. 11:10	16	KUNG FU PANDA	kl. 8	L
NARNIA 2	kl. 5	7	DECEPTION	kl. 10	12
KRINGLUNNI			KEFLAVÍK		
DARK KNIGHT	kl. 5-8-(11:10 Power)	12	DARK KNIGHT	kl. 8-11	12
DECEPTION	kl. 10:20	14	HELLBOY 2	kl. 10:20	12
KUNG FU PANDA	kl. 6D	L	MAMMA MIA	kl. 8	L
WANTED	kl. 8	16	DIGITAL		
INDIANA JONES 4	kl. 5:30	12	HOW THE GRASS GROWS		





Iceland Express



vörður

**2** SPORT 2

enski boltinn



BARCLAYS  
PREMIER LEAGUE

# ENSKI BOLTINN

HEFST 10. ÁGÚST – YFIR 350 BEINAR ÚTSENDINGAR



## > Öll kvennaliðin komin með þjálfara

Fjölirnir eru kominn með þjálfara í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta á næsta tímabili en þá eru öll átta lið deildarinnar komin með þjálfara. Bandaríkjamaðurinn Patrick Oliver mun þjálfa Fjölnis-stelpurnar ásamt því að leika með karlaliðinu í 1. deild. Oliver lék fyrstu fimm leikina með Fjölni veturinn 2006-07 en var látinn fara eftir að hafa skorað 15,2 stig, tekið 7,4 fráköst og varið 3,8 skot að meðaltali í leik. Oliver tekur við af Grétu Maríu Grétarsdóttur sem ætlar að einbeita sér að spila með liðinu en hún tók við þegar Nemanja Sovic hætti með liðið í fyrra.

**sport**  
sport@frettabladid.is



## ÍSLANDSMEISTARINN BJÖRGVIN SIGURBERGSSON: VONAST TIL AÐ VERJA TITILINN OG VINNA Í FIMMTA SINN

### Peir hafa skrifað að ég elski rok og rigningu

Íslandsmótið í höggleik hefst í Vestmannaeyjum næstkomandi fimmtudag og þar mun Keilismaðurinn Björgvin Sigurbergsson reyna að verja Íslandsmeistararitilinn en hann varð meistari í fjórða sinn á Hvaleyrinni í fyrra. „Ég var með í Keflavík en annars hef ég verið rólegur alveg eins og í fyrra. Þetta hefur því verið svipað sumar hjá mér,“ sagði Björgvin spurður um hversu mikið hann hefur verið með á mótunum í sumar. „Ég var að spila vel í fyrra og get spilað vel ef ég vil. Svo er þetta bara spurningin um að þetta smelli og að aðrir spili verr en ég,“ segir Björgvin í léttum tón. „Þetta er stærsta mótið og það sem allir stefna á að reyna að vinna. Það er fullt af strákum sem geta unnið þetta. Ég ætla bara að hafa gaman af þessu og reyna að standa mig. Ég á eftir að vinna Íslandsmót í Eyjum. Ef strákarnir verða góðir við mig þá gæti þetta orðið fimmti titillinn,“ segir Björgvin sem virkar mjög afslappaður fyrir mótið í Eyjum. Honum list líka vel á mótstaðinn.



„Þessi völlur og þetta svæði er bara snildin ein. Það má samt segja að það sé von á öllu á vellinum í Eyjum og þú veist oft á tíðum ekki hvort þú ert að koma eða fara, hvað vind varðar, þegar þú stendur á teignum,“ segir Björgvin. Veðurspáin fyrir mótið er ekki alltof góð en Björgvin hefur ekki áhyggjur af því. „Einhvers staðar var það skrifað um mig að ég elskaði rok og rigningu þannig að það hlýtur bara að vera svoléiðis. Ef að þetta smellur hjá manni þá getur maður alveg elskað rok og rigningu eins og allt annað. Ég vann 1995 í rok og rigningu á Hellu þannig að ég elska rok og rigningu,“ segir Björgvin hlæjandi. Dóttir hans Guðrún Brá mun taka þátt í meistaraflokki kvenna í fyrsta sinn en hún er aðeins fjórtán ára og þegar orðin ein af efnilegustu golfkonum landsins. Þau fóru saman með Herjólf í gær ásamt allri fjölskyldunni. „Þetta er í fyrsta sinn sem við keppum á sama móti. Það verður því bara fjölskyldustemming í Eyjum,“ sagði Björgvin að lokum.



RAGNA Ætlar að sigrast á krossbandaslitu í eitt skipti fyrir öll. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ragna Ingólfssdóttir:

## Fer í aðgerð eftir Ólympíuleikana

**BADMINTON** Badmintonrottningin Ragna Ingólfssdóttir fer í aðgerð eftir Ólympíuleikana í Peking. Ragna sleit krossband í vinstri fæti í apríl á síðasta ári og hafa meiðslin sett strik í reikninginn hjá Rögnu. Hún keppir þó á leikum en ætlar síðan að taka sér fri frá badmintoniðkun til að vinna bug á meiðslunum.

„Ég verð að fara í aðgerð ef ég ætla að halda áfram að spila. Það hefur komið vatn inn á hnéd og aðgerð er óumflýjanleg. Ég hef verið að þjónast á þessu í meira en ár og þarf að láta gera við þetta,“ sagði Ragna sem verður frá keppni í hálf tveim ári eftir aðgerðina. - hþh

## ÚRSLIT Í GÆR

### Landsbankadeild kvenna

KR-Þór/KA	3-1
1-0 Fjöla Dröfn Friðriksdóttir (20.), 1-1 Alexandra Tómasdóttir (32.), 2-1 Edda Garðarsdóttir (73.), 3-1 Hólmfríður Magnúsdóttir (75.)	
HK/Víkingur-Valur	1-4
0-1 Margrét Lára Viðarsdóttir (54.), 1-1 Þórhildur Stefánsdóttir (56.), 1-2 Dóra M. Lárusdóttir (76.), 1-3 Katrín Jónsdóttir (81.), 1-4 Margrét Lára (89.).	
Fjölirnir-Stjarnan	0-3
Inga Friðjónsdóttir, Björk Gunnarsdóttir 2. Afturelding-Fylkir	1-0
1-0 Mist Edvardsdóttir (77)	
Keflavík-Breiðablik	0-2
Hlín Gunnlaugsdóttir, Hekla Pálmadóttir.	

# Tíu KR-stúlkur afgreiddu Þór/KA

KR-stúlkur sýndu mikinn karakter þegar þær unnu sprækt lið Þór/KA, 3-1, á KR-vellinum í gærkvöld. KR-stúlkur voru einum leikmanni færri nær allan síðari hálfleik eftir að Ólína Viðarsdóttir fékk rautt spjald.

**FÓTBOLTI** KR-stúlkur þurftu að hafa vel fyrir hlutunum þegar þær unnu Þór/KA í skrautlegum leik á KR-vellinum í gærkvöld.

KR-stúlkur hófu leikinn af miklum krafti og mættu gestunum í Þór/KA hátt uppi á vellinum með stífri pressu, sem gafst vel. Fyrsti stundarfjórðungur leiksins fór algjörlega fram á vallarhelming gestanna sem áttu í vök að verjast og talsvert reyndi á Berglinði Magnúsdóttur í markinu.

Markið lá hreinlega í loftinu og það kom loksins á 20. mínútu. KR-stúlkun Embla Sigríður Grétarsdóttir átti þá sendingu sem fór af varnarmanni Þórs/KA og barst fyrir lappirnar á Fjólu Dröfn Friðriksdóttur sem lyfti boltanum snyrtilega yfir Berglinði og KR komið með verðskuldaða forystu.

Það fór hins vegar svo að Þór/KA náði að jafna leikinn á 32. mínútu þegar Alexandra Tómasdóttir fékk sendingu inn fyrir vörn KR og skoraði af harðfylgi án þess að markvörðurinn María Björg Ágústsdóttir kæmi neinum vörnum við. Gestirnir voru fram að því í raun ekki búnir að sýna mikla sóknartilburði, en framherjinn Rakel Hönnudóttir var þó sívinnandi og gaf varnarmönnum KR lítinn tíma til að athafna sig.

Staðan var enn jöfn, 1-1, þegar flautað var til hálfleiks.

Það dró svo heldur betur til tíunda snemma í seinni hálfleik þegar KR-stúlkun Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir fékk að fjúka útaf með rautt spjald. Ólína fékk fyrst gult spjald fyrir kjaftbrúk og svo annað gult og þar með rautt fyrir að því er virtist latalæti í fram-



MARK Alexandra Tómasdóttir skorar hér jöfnunarmark Þórs/KA á KR-vellinum í gær. En KR-stúlkur sýndu mikinn karakter þegar þær komu til baka í síðari hálfleik, þá einum leikmanni færri, og skoruðu tvö mörk og unnu að lokum 3-1. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

haldi að því, þar sem hún klappaði dómaramum lof í lófa á kaldhæðnislegan hátt.

Þór/KA-stúlkur voru nálægt því að nýta sér liðsmuninn á 70. mínútu þegar Rakel slapp ein í gegnum vörn KR eftir sendingu hinnar slóvensku Mateja Zver, sem var að leika sinn fyrsta leik fyrir Akureyrarliðið, en skot hennar fór beint á markið.

KR-stúlkur voru þó ekki af baki dottnar og sýndu styrk sinn á lokamínútunum. Fyrst skoraði Edda

Garðarsdóttir með langskoti á 73. mínútu og tveimur mínútum síðar skoraði Hólmfríður Magnúsdóttir, einnig með þrumuskoti utan teigs.

Rakel komst í tvígang nálægt því að minnka muninn á lokakafnanum en allt kom fyrir ekki og KR-stúlkur unnu að lokum dýrmætann 3-1 sigur og hanga því áfram í Valsstúlkum í baráttunni um Íslandsmeistararitilinn.

„Við fengum hundrað færi sem við nýttum ekki og komum okkur í vandræði þegar við lentum einum

manni færri. En við sýndum svo fínan karakter og ég er fyrst og fremst ánægð með sigurinn,“ sagði Helena Ólafsdóttir, þjálfari KR.

Dragan Stojanovic, þjálfari Þórs/KA, var fremur svektur með að fá ekkert fyrir sinn snúd.

„Eins og þetta spilaðist þá hefði ég gjarnan viljað fá eitthvað út úr leiknum. Við sköpuðum okkur nokkur fín færi, sem hefðu mátt nýtast,“ sagði Dragan að lokum.

omar@frettabladid.is

## I

### LAUGUNIN

Lögmál 1: Bikarinn skal vera tandurhrein, þveginn upp úr fitulausri sápu og skolaður í köldu vatni þar til hann nær sama hitastigi og ölið. Þannig verður froðan þéttari og heldur hvítum hlífiskildi sínum lengur yfir hinum dýrmæta vökvu. Minnstu óhreinindi geta spillt fyrir og mengað fullkomin bragðgæði Stella Artois.

## II

### GULLGERÐIN

Lögmál 2: Þegar byrjað er að hella er bikarinn hallað um 45 gráður. Þá sjáum við hvernig dýrmætur vökvinn hringar sig ofan í bikarinn og myndar iðuna sem er galdurinn við fljótandi gullgerðarlist. Þegar ölið kemst í samband við súrefni myndast smám saman þétt froða sem innsigliar innihaldið og verndar það frá fyrsta sopa til hins síðasta.

## III

### KRÝNINGIN

Lögmál 3: Þegar bikarinn, sem hingað til hefur hallað um 45 gráður, hefur verið fylltur að þremur fjórðu skal hann réttur við. Með jafnri hreyfingu er hann samtímis færður niður frá flöskuopi um sem nemur hæð bikarins. Þannig krýnum við ölið þéttri froðu sem skýlir innihaldi bikarins og tryggir ferskleika og líf þessa fljótandi gulls.



**LANDSLIÐIÐ** Nær líklega ekki að spila æfingaleik fyrir stórleikinn gegn Frökkum.

## Íslenska kvennalandsliðið: Enginn tími fyrir æfingaleik?

**FÓTBOLTI** Óvíst er hvort íslenska kvennalandsliðið geti spilað æfingaleik fyrir úrslitaleikinn um laust sæti á EM gegn Frökkum þann 27. september. Íslandsmótiinu lýkur 13. september og viku síðar er úrslitaleikur bikarkeppinnar. Auk þess spilar Valur í Evrópukeppni í byrjun mánaðarins.

„Þetta er því miður afskaplega erfitt en við höfum ekki útilokað neitt,“ segir Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri KSÍ, sem segir að mesta gagnið yrði að spila gegn sterku liði. Hugmynd hefur verið uppi um að spila gegn úrvalslíði leikmanna á Íslandi en ekkert hefur verið ákveðið.



**ÓHEPPNAR** Íslensku stelpurnar voru nálægt því að vinna Slóveníu en urðu að sætta sig við jafntefli.

## HM U-20 ára í Makedóníu: Annað jafntefli

**HANDBOLTI** Kvennalandslið Íslands í handbolta skipað leikmönnum 20 ára og yngri varð að sætta sig við jafntefli, 26-26, gegn Slóveníu í öðrum leik sínum á HM U-20 ára sem fram fer í Makedóníu. En íslenska liðið gerði einnig jafntefli í fyrsta leik sínum þar.

„Við erum eiginlega bara hundfúl að hafa misst þetta svona niður, þar sem við vorum með leikinn í okkar höndum allan tímann. Staðan var 13-10 okkur í vil í hálfleik og við vorum með fjögurra marka forystu þegar tíu mínútur voru eftir og þær jafna svo leikinn þegar tíu sekúndur eru eftir,“ sagði Guðríður Guðjónsdóttir, annar þjálfara liðsins, við Fréttablaðið í gær.

Íslandsmótið í högggleik fer fram í Vestmannaeyjum um helgina:

# Við biðlum til veðurguðanna

**GOLF** Golfklúbbur Vestmannaeyja er sjötugur í ár og af því tilefni fer Íslandsmótið í högggleik fram í Eyjum en mótið fór einnig fram þar 1996 og 2003. Golfklúbburinn virðist þó ekki ætla að fá góða afmælisgjöf frá veðurguðunum því það er vond veðurspá á meðan mótið fer fram í Eyjum sem hefst á morgun.

„Við vonum að það verði einn þáttur þarna í lagi og það er veðrið. Eins og spáin er núna getur þínulítið brugðið til beggja vona. Veðrið mun spila stóra rullu í því hvernig árangurinn verður sem og skemmtanahald í kringum völlinn,“ sagði Jón Ásgeir Eyjólfsson, forseti GSÍ, á kynningarfundinum fyrir mótið.

120 keppendur eru skráðir til leiks og síðan verður skorið niður eftir tvo keppnisdaga. Það ræst út hálf átta á fimmtudaginn og það gæti skipt kylfinga miklu máli hvenær þeir fara út. En hvaða möguleikar eru í stöðunni ef að spárnar ganga eftir og fimmtudagurinn verður jafnslæmur og verstu spár segja til um?

„Við biðlum bara til veðurguðanna. Ef veðrið verður erfitt þá gæti það raskað mótinu. Ef við þurfum að fresta leik þá munum við reyna að spila lengur fram á kvöldið því það verður reynt að klára tvær umferðir ef við mögulega getum. Ef við náum ekki að klára á fimmtudeginum þá byrjum við jafnvel fyrr á föstudeginum og spilum líka lengur,“ sagði Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri GS.

„Við munum nota allar leiðir til þess að klára tvo hringi ef við mögulega getum. Ef þeir geta byrjað að ræsa klukkan 6.15 á



**HELLIDEMBA** Kínverjinn Liang Wen-chong lenti í rigningu á opna breska eins og svo margir aðrir. Hér er hann á lokadeginum.

opna breska þá hljótum við að geta gert það líka,“ sagði Hörður. Dómarnir á mótinu verða með handveðurstöðvar sem gefa góða upplýsingar um veðrið allstaðar á vellinum.

„Ef það næst ekki þá fellur mótstjórinn niður einn hring og þá ræður bara einn hringur niðurskurðinum fyrir laugardag og sunnudag. Sama gildir síðan um þá daga,“ bætti Hörður við en hann talaði einmitt um að menn hafi verið heppnir með veður í sumar eða kannski þangað til nú.

Slæmt veður setti líka mikinn

svip á opna breska meistaramótið um síðustu helgi. „Við búum á Íslandi og við þurfum bara að spila við þær aðstæður sem boðið er upp á. Við erum ekki með eins hraðar flatir og úti og því eigum því að geta spilað í töluvert vondu veðri. Vellirnir hér eru líka styttri þannig að það erum ýmsar forsendur sem segja að við eigum allvegna að geta spilað í sama veðri og þeir gerðu á Opna breska meistaramótinu. En auðvitað verður golfið ekki eins áferðafallegt í svona veðrum,“ sagði Hörður að lokum.

Guðjón Þórðarson er kominn í frí frá fótbolta um óákveðinn tíma:

## Vonar að tvíburunum vegni vel

**FÓTBOLTI** Guðjón Þórðarson var rekinn sem þjálfari ÍA í fyrradag. Fréttablaðið náði loksins í Guðjón í gær en hann var ómyrkur í máli í samtalinu. Fyrsta spurning var hvernig hann kvaddi lið ÍA og hvort hann væri ósáttur með brottreksturinn.

„Ég er ósáttur með að vera vikið úr starfi en viðskilnaðurinn er á góðum nótum,“ sagði Guðjón sem ætlar að taka sér frí frá þjálfun um óákveðinn tíma.

Hann sagði einnig að það lægi alveg ljóst fyrir að hann hafi ekki náð því út úr liðinu sem hann vildi en vildi ekki ræða af hverju. „Ég hef mörg svör á reiðum höndum en er ekki tilbúinn að ræða það við fjölmiðla,“ sagði Guðjón.



Aðspurður hvort hann hafi trú á því að Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir nái að snúa gengi liðsins við sagði Guðjón: „Ég ætla að vona það. Þetta eru góðir strákar og fínir fótboldamenn,“ sagði Guðjón sem svaraði því ekki hvort hann langaði til að halda áfram að þjálfra.

„Það kemur bara í ljós. Þetta er ótímabær spurning. Þetta er asnaleg spurning,“ sagði Guðjón.

**EKKERT GEKK** Það gekk ekkert upp hjá Guðjóni í sumar. Undir hans stjórn vann ÍA aðeins einn leik, gerði fjögur jafntefli og tapaði sjö leikjum af tólf. Það skoraði 9 mörk og fékk á sig 23.



**GUÐMUNDUR** Segir að allir leikmenn liðsins þurfi að eiga toppleik ef Valur á að komast áfram.

## Valur mætir FC BATE í kvöld: Þurfum besta leik sumarsins

**FÓTBOLTI** Guðmundur Benediktsson segir að Valsmenn þurfi að eiga sinn besta leik í sumar ætli þeir sér að vinna upp tveggja marka forystu FC BATE frá Hvíta-Rússlandi í kvöld. Liðin mætast í forkeppni Meistaradeildarinnar á Vodafone-vellinum.

„Maður á alltaf séns,“ sagði Guðmundur um möguleika Vals. „Þetta er hörku lið og við þurfum að eiga okkar besta leik á tímabilinu til að vinna með þriggja marka mun. Þetta eru þau þjálfaraðir atvinnumenn með 500 milljónir dollara í árslaun, þeir bestu. Þeir hafa þrjá frábæra miðjumenn sem tæta lið í sig fái þeir möguleika á því. Við munum spila okkar leik og við sjáum hvert það leiðir okkur,“ sagði hinn skeleggi framherji.

„Ef við þurfum að skora mörk seinni partinn verður bætt í sóknina, en þetta er ekki lið sem þú getur galopnað.“

Dregið í undankeppni HM:

## Pólverjar með sterkasta liðið

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið er í riðli með Pólverjum, Slóvökum, Lettum og Svisslendíngum í undankeppni HM í Kína á næsta ári. Dregið var í gær en leikið er 25.-30. nóvember, líklega í Póllandi. Eitt lið kemst í aukaleiki um sæti á HM.

„Pólverjar eru mjög sterkir og fyrirfram sterkasta liðið í riðlinum. Það þarf allt að ganga upp til að við vinnum þær, þær eru reynslumiklar. Það eru jafnir möguleikar gegn Slóvakíu, ég veit minnst um Letta en held að við eigum fína möguleika gegn þeim og Sviss er lakasta liðið,“ sagði Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari um dráttinn.



## IV AFHÖFÐUNIN

Lögmál 4: Bikarinn er fullur og froðutoppurinn rís upp yfir brúnina. Þá er froðusveðjan tekin. Henni er beint frá líkamanum og strokið lárétt með 45 gráðu halla, hársbreidd yfir brúninni. Stærstu loftbólurnar hafa leitað efst í froðuna og mistakist þetta skref munu þær springa þeim afleiðingum að froðan fellur hratt. Án froðunnar er ölið varnarlaut og verður flatt á skammri stundu.



## V DÓMURINN

Lögmál 5: Að lokum verður að tryggja að froðutoppurinn sé af nákvæmlega rétttri þykkt. Fullkominun felst í smáatriðunum: Í 33 cl bikar skal froðan vera nákvæmlega 3 cm. Hvorki meira né minna. Þetta samsvarar samanlagðri breidd vísingfingers og löngutangar þess sem njóta skal.



> Ellen Barkin

„Hollywood hefur alltaf hrifist af konum sem gráta undan mönnum. Augljóslega þá er ég ekkert í þá veruna og hef aldrei reynt að vera þannig.“ Barkin leikur í myndinni „Palindromes“ sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON KVEIKIR Á ÚTVARPINU  
Kjarnastarfsemi ríkisútvarpsins

Þeir halda stundum stjórnámálemni og skjólstæðingar þeirra að kjarninn í starfi RÚV sé Sjónvarpið, eins og þeir kalla það af mikillæti. Eða Rás 2. Eða auglýsingadeildirnar. Það er misskilningur. Kjarninn í Efstaleitinu er Gufan – gamla rás eitt. Þið vitið: dánarfregnir og jarðarfari, fjölbreytileg tónlistarblanda, leikið efni og lesið og samtal við fólk. Fræðandi alvarlegt efni sem segir manni í nokkru máli frá einhverju sem er ekki bara stundargaman – einhverju sem er viðvarandi, vandamáli og sameiginlegum og sértækum lausnum í mann lífinu. Það er kjarninn í RÚV ohf. Hinu mætti öllu slaufa án söknuðar. En Gufan er nauðsyn – hún sinnir mörgu sem aðrir miðlar hér á landi sinna ekkert.  
Það er því slæmt að í Efstaleiti skuli ekki vera stjórn sem hefur brennandi áhuga á svoleiðis útvarpi. Menn sem



þar ráða hafa áhuga a) á sjónvarpsfréttum, b) á auglýsingum, c) á áhorfi og d) á íþróttum. Ekkert af þessu varðar kjarnastarfsemina. Það má til dæmis loka allri umfjöllun um íþróttir og láta hana fara fram á neti. Auglýsingar geta margir aðrir séð um. Ríkisútvarp á ekki að vera háð auglýsingum. Það á að vera óháð auglýsingum. Þá eru fréttatímur með hinu gamla rússneska fyrirkomulagi líðin tíð – forn helgi-mynd um hinn nútímalega jakkakládda karlmann sem er holdgervuð í Palla Magg og Boga Ágústs til vara. Gufan á ekki að vera íhaldssöm, hún á að vera uppáfinningasöm og gagnrýnin – alvöru, ekki hlátur og fjas. Það er nóg af öðru fólk sem hlær allan tímann sagði Dylan. Tékkið á Gufunni: til dæmis bara í kvöld.

ÚTVARP Rekstur með tilgang – gamla ríkisútvarpið – Gufan.

EKKI MISSA AF



19.55 Baldni folinn (Rough Diamond) SJÓNVARPIÐ



20.00 Adventures of Shark Boy and Lavagirl STÖÐ 2 BÍÓ



20.50 Cashmere Mafia STÖÐ 2



21.15 Skins STÖD2 EXTRA



21.50 Sexual Healing SKJÁR EINN

SJÓNVARPIÐ

- 16.00 Út og suður (e)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Tákn málsfréttir
- 17.30 Kappflugið í himingimnum
- 17.55 Alda og Bára (24:26)
- 18.00 Disneystundin Nýi skólinn keisarans, Sígildar teiknimyndir og Finni kostur.
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.55 Baldni folinn (Rough Diamond) (5:6) Breskur myndaflokkur um tamingamann í Kildare-sýslu á Írlandi sem stendur í stórræðum.
- 20.50 Úr vöndu að ráða (Miss Guided) (7:7) Bandarísk gamanþáttaröð um konu sem var skotspönn skólafélaga sinna vegna útlits og óframfærni en snýr aftur seinna í skólann sem námsráðgjafi.
- 21.15 Heimkoman (October Road) (4:6) Bandarísk þáttaröð um ungan skáldsagnahöfund sem snýr aftur í heimahagana til að styrkja böndin við vini og vandamenn.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Leyndarmálið í kjallaranum (The Secrets of the Austrian Cellar) Heimildamynd um Austurríkismanninn Josef Fritzl sem hélt Elisabeth dóttur sinni fanginni í kjallara húss síns í Amstetten í 20 ár.
- 23.15 Kastljós (e)
- 23.35 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 Rumor Has It
- 10.00 Look Who's Talking
- 12.00 Adventures of Shark Boy and Lavagirl 3-D
- 14.00 Lost in Translation
- 16.00 Rumor Has It
- 18.00 Look Who's Talking
- 19.55 Baldni folinn (Rough Diamond) (5:6) Breskur myndaflokkur um tamingamann í Kildare-sýslu á Írlandi sem stendur í stórræðum.
- 20.00 Adventures of Shark Boy and Lavagirl 3-D Ævintýrmynd fyrir alla fjölskylduna
- 22.00 Palindromes Áhrifamikil kvikmynd um ótímabærar þunganir með Ellen Barkin og Jennifer Jason Leigh í aðalhlutverkum.
- 00.00 Possible Worlds
- 02.00 The Singing Detective
- 04.00 Palindromes
- 06.00 Moonlight And Valentino

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Ofurhundurinn Krypto, Hvolpurinn Scooby-Doo og Kalli kanína og félagar.
- 08.10 Oprah
- 08.50 Í fínu formi
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 La Fea Más Bella
- 10.10 Notes From the Underbelly
- 10.40 Bandið hans Bubba (6:12)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.30 Neighbours
- 12.55 Sisters (23:24)
- 13.40 Jamie Oliver. Australian
- 14.25 Grey's Anatomy (27:36)
- 15.10 Friends
- 15.30 Friends
- 15.55 Skrímslaspilið (Yu Gi Oh)
- 16.18 BeyBlade
- 16.43 Tommi and Jenni
- 17.08 Ruff's Patch
- 17.18 Tracy McBean
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours
- 18.18 Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.49 Íþróttir
- 18.56 Ísland í dag
- 19.04 Veður
- 19.15 The Simpsons (21:22)
- 19.40 Friends (18:23)
- 20.05 Flipping Out (7:7) Raunveruleikaþættir um Jeff Lewis sem býr einn, rekur sitt eigið fasteignafyrirtæki og elskar hundana sína meira en mannfólkið.
- 20.50 Cashmere Mafia (6:7) Fjórar nánar vinkonur sem búa allar og starfa í New York, virðast á yfirborðinu lifa fullkomnu lífi. En eins og oft vill verða er það einkalífið sem flækist fyrir þeim, og það allrækilega.
- 21.35 Medium (16:16)
- 22.20 Oprah
- 23.05 Grey's Anatomy (28:36)
- 23.50 Women's Murder Club (5:13)
- 00.35 Moonlight (8:16)
- 01.20 Anonymous Rex
- 02.45 Crossing Jordan (4:21)
- 03.30 Sylvia
- 05.05 Cashmere Mafia (6:7)
- 05.50 Fréttir

SPORT besta sætið

- 18.00 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttum út í heimi.
- 18.30 Landsbankamörkin 2008 Allir leikimír, öll mörkin og bestu tilþrifuin í umferðinni skoðuð.
- 19.30 PGA Tour 2008 - Hápunktur Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótardönni í golfi.
- 20.25 Arnold Schwarzenegger mótið 2008 Arnold Schwarzenegger mótið var haldið Flórídafylki en þar var keppt í mörgum greinum afbrauna og þangað mættu til leiks allir helstu og flottustu jötnar heims.
- 21.00 Íslandsmótið í golfi 2007 Samantekt frá Íslandsmótinu í höggbleik árið 2007 sem fram fór á Hvaleyrauvelli í Hafnarfirði. Farið yfir gang mála hjá báðum kynjum, viðtöl og bestu tilþrifuin.
- 22.15 F1. Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveru ræða málin.
- 22.55 Gulleikur, Arsenal - Bayern Munchen Leikur frá riðlakeppni Meistaradeildarinnar 5. desember árið 2000.
- 00.30 Main Event (#13) Á Heimsþómótardönni í póker setjast snjöllustu pókerspilarnar heimsins að spilaorðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
- 07.00 Vodacom Challenge í Suður Afríku Orlando Pirates - Man. Ut.
- 17.20 Vodacom Challenge í Suður Afríku Orlando Pirates - Man. Ut.
- 19.00 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeldin er skoðuð frá ýmsum hlidum.
- 19.30 Football Icon Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungur knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea. Fjórtnán voru valdir til þess að taka þátt í þessum vikulegu þáttum. Einn dettur út í hverjum þætti þar til þeir eru eftir í lokabættinum. Þá velja Jose Mourinho og starfsmenn hans sigurvegarnar.
- 20.20 10 Bestu - Atli Eðvaldsson Niundi og næststíðasti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.
- 21.10 PL Classic Matches Liverpool - Man Ut, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeldarinnar.
- 21.40 Masters Football UK Masters cup er vinsæl mótardö en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeldinni.

SKJÁREINN

- 07.15 Rachael Ray (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Dynasty (e)
- 09.30 Vörutorg
- 10.30 Óstöðvandi tónlist
- 15.35 Vörutorg
- 16.35 Style Her Famous (e)
- 17.00 Rachael Ray Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 17.45 Dr. Phil Dr. Phil McGraw hjálpar fólk að leysa vandamál og gefur góð ráð.
- 18.30 Dynasty Blake Carrington stýrir olüfuyrirtæki og hann er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klæmar þegar þess þarf.
- 19.20 Design Star (e)
- 20.10 Top Chef (11:12) Bandarísk raunveruleikaseria þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu. Þetta er fyrri hluti úrslitabáttarinnar og kokkarnir þrír sem eftir eru halda til Las Vegas.
- 21.00 Britain's Next Top Model (3:12) Bresk raunveruleikaseria þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Íslenski ljósmyndarinn Huggy Ragnarsson er meðal dómara í þessari þáttaröð. Nú fá stelpurnar nýtt útlit og þær eru ekki allar sáttar við útkomuna. Í myndatökunni fer allt í hundana og í lok þáttarinn er ein stúlka send heim.

- 21.50 Sexual Healing - NÝTT Sálfraeðingurinn dr. Laura Berman hefur undanfarið 15 ár sérhæft sig í að aðstoða fólk sem vill upplifa betra kynlíf. Í þessari þáttaröð fá áhorfendur að fylgjast með henni hjálpa þórum sem komin eru í kynlífskrísu. Þáttakendur kynna dýpri og innilegru samskiptum en áður. Í hverjum þætti kynnumst við þremur þórum og fylgst er með þeim í ráðgjöfinni og hvernig þeim gengur að framkvæma "heimaverkefni" sem þeim eru sett fyrir.
- 22.40 Jay Leno
- 23.30 Eyreka (e)
- 00.20 Dynasty (e)
- 01.10 Vörutorg
- 02.10 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Zúúber snýr aftur!

www.fm957.is



Svali, Gassi og Siggá á FM957  
**Zúúber**  
Alla virka daga frá klukkan 7 til 10

67% landsmanna undir fertugu hlustar á FM957  
Capacent

Búðu þig undir að vakna klukkan sjö mánudaginn 28. júlí.

FM957

## Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 21.35

## Medium - lokapáttur


Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum, yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu. Það er sem fyrr leikkonan Patricia Arquette sem fer með hlutverk Dubois en hún fékk Emmy-verðlaun 2005 og var tilnefnd til Golden Globe-verðlauna 2006, 2007 og 2008 fyrir frammistöðu sína. Í kvöld í lokapáttinum í þessari seríu leitar ungt par eftir aðstoð frá Allison þar sem þau telja að reimt sé í húsinu sínu en tilraun Allison til að hreinsa húsið af hinum framliðnu veldur morði.



## ÞVIÐ MÆLUM MED

## Leyndarmálið í kjallaranum Sjónvarpið kl. 22.25

Í kvöld sýnir Sjónvarpið nýja breska heimildarmynd um Austurríkismanninn Josef Fritzl sem hélt Elisabeth dóttur sinni fanginni í kjallara húss síns í Amstetten í 20 ár. Þar ól Elisabeth sjö börn föður síns, þar af eitt sem dó. Það vakti heimsathygli þegar upp komst um málið en Rosemarie, eiginkona Fritzl, hefur neitað að hafa haft nokkra vitneskju um hvað væri í kjallara húsinu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Dr. RÚV
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Flækingur
08.00 Morgunfréttir	17.03 Viðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.25 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	19.00 Á sumarvegi
10.13 Viltu syngja minn söng?	19.40 Tónlist úr þularstofu
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Leynifélagið
12.00 Fréttayfirlit	20.30 Tímakorn
12.02 Hádegisútvarp	21.10 Sólarglengur
12.20 Hádegisfréttir	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið	22.15 Kvöldsagan: Pan
13.15 Á sumarvegi	22.45 Svörtu sönggyðjumar
14.03 Bravó, bravó!	23.30 Loftbelgur
15.03 Útvarpsagan: Barnið og tíminn	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

16.00 Hollyoaks

16.30 Hollyoaks

17.00 Seinfeld (1:24)

17.30 Special Unit 2 (8:19)

18.15 Skins (4:9)

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 Seinfeld (1:24) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

20.30 Special Unit 2 (8:19) Gaman-samir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.

► 21.15 Skins (4:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglunga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átroskunar, eiturflyjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglungum í dag.

22.00 Las Vegas (3:19) Við fylgjumst með lífi og stórum öryggisvarða í Montecito-spilaváttinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyksi, fjárglæpamenn og aðrar veikgeðja sálir.

22.45 Traveler (8:8) Tveir skólafélagar standa skyndilega frammi fyrir því að vera hundeltir af alríkislögreglunni og eru hafðir fyrir rangri sök um að hafa valdið hryðjuverkasprengju á safni.

23.30 Twenty Four 3 (9:24)

00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

## INN

20.00 Mér finnst... Umsjón: Ásdís Olsen og Kólfína Baldvinsd. Gestir: Sæunn Guðmundsd., Steinunn Hreiðarsd., Anna María Hreiðarsd., Viktoría Jóhannsd., Sigrún Sigurðard., Sigríður Klingenberg og Elly Ármannsd.

21.00 Vigtarráðgjafarnir 2. þáttur Umsjón: Kristín V. Óladóttir

21.30 Hvað ertu að hugsa? Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Kristján Víðar Haraldsson.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

## DR 1

11.00 Saras køkken 11.30 DR Explorer: Klimavidner i arktisk Canada 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.05 Flight 29 savnes! 13.30 SommerSummerum 13.35 Krampe-tvillingerne 14.00 SommerSummerum 15.05 Monster allergi 15.30 Kære Sebastian 15.50 Lisa 16.00 Hjertelum 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 SommerVejret 17.05 Hercule Poirot 18.00 Søren Ryge - Herregårdskarl på Samsø 18.30 Sommerminder 19.00 TV Avisen 19.25 Sommervejret på DR1 19.35 Aftenour 2008 20.00 En sag for Frost 21.40 Onsdags Lotto 21.45 Mistænkt 4: Duft af mørke

## NK1

9.55 Dansefot jukeboks 10.55 Ekstremvær jukeboks 11.55 Sport Jukeboks 12.55 Du skal høre mye jukeboks 13.50 Ti kniver i hjertet 15.20 Sydvendt 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Fiffi og blomsterbarna 16.10 Gnotiene 16.40 Distriktsheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Kollektivet i Köping 17.55 Kaoskontroll 18.25 Litt som deg 18.55 Distriktsheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.35 Vikinglotto 19.45 House 20.30 I kveld 21.00 Kveldsnytt 21.15 Hva skjedde med Mark? 22.25 Atomsjonasje: Supersjonen 23.15 Du skal høre mye jukeboks

## SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Himlen över Danmark 10.35 Mitt i naturen 12.25 Five Easy Pieces 14.00 Rapport 14.05 Gommoron Sverige 15.00 Flyttasset går 15.30 Fantastiska berättelser 16.00 Lilla röda traktorn 16.10 Storasyster och lillebror 16.15 Bosse bogserbåt 16.30 Hej hej sommar 16.31 Planet Sketch 16.50 Det femte väderstreet 17.00 Blue water high 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Uppdrag granskning - sommarspecial 19.00 Mördare okänd 20.45 Rapport 20.55 Sommartorget 21.25 Baronessan 21.50 Blod, svett och danska skallar 22.15 Sändningar från SVT24

**LATTI BÆR**™

KYNNTU ÞÉR VETRARDAGSKRÁ STÖÐVAR 2 Á STOD2.IS

**LATIBÆR**  
NÝ ÞÁTTARÖÐ AF VINSÆLASTA ÍSLENSKA BARNAEFNI  
FYRR OG SÍÐAR HEFST Í ÁGÚST

GLITNIR

**MORGUNMATURINN**



„AB-mjólk með músli. Ég borða jógúrt yfirleitt. Svo fékk ég mér túrkís-kaffi. Það er kallað túrkís þegar maður hellir kaffikornum beint í bollann og soðið vatn beint ofan í. Henry heitir kaffið og er frá Tékklandi.“

Eva Ísleifsdóttir myndlistarkona.

# Gísli kominn í faðm Bruckheimers

„Það er frábært að vera hérna, enda er séð mjög vel um mann,“ segir Gísli Örn Garðarsson sem er nú staddur í Marokkó við tókur á myndinni Prince of Persia: The Sands of Time. Tökurnar hófust í gær og fara þær fram í borginni Oukaimeden í Marokkó. Tökurnar fara fram í Atlas-fjöllunum í tæplega 3.000 metra hæð.



JERRY BRUCKHEIMER Sér til þess að allur aðbúnaður Gísla og samleikara hans sé fyrsta flokks.

„Maður fær að upplifa allan skalann. Þetta er mun meira framandi en ég bjóst við. Ég hélt að borgin væri vestrænni. Þetta er svona eins og úr 1001 nótt; slöngur, apar og eyðimerkurstormar,“ segir Gísli en Fréttablaðið rétt náði í skottið á honum á milli takna í gærdag.

Gísli segir tökurnar umfangsmiklar og um þúsund manns á tökustað. Myndin er framleidd af Jerry Bruckheimer og skartar leikurum á borð við Jake Gyllenhaal, Ben Kingsley, Gemmu Arterton og Alfred Molina. Gísli segir andann í hópnum góðan. „Stemningin er mjög fín. Við erum búin að hanga saman í



sex vikur við æfingar og eins og í öllum bíómyndum sem ég hef tekið þátt í þá virðist vera að nást ákveðni samheldni sem er mikilvæg þegar fólk er að vinna svona náð saman. Enda er þetta í grunninn allt af sama meði þó svo að umgjörðin hérna sé af stærðargráðu sem maður hefur ekki kynnst áður,“ segir Gísli en áætlað er að tökum ljúki 12. desember. Sjálfur verður Gísli í tókum með hléum fram í nóvember.

GÍSLI ÖRN Tökur hófust í gær á myndinni Prince of Persia: The Sands of Time.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT**  
2. fangi, 6. í röð, 8. forsögn, 9. bókstafur, 11. í röð, 12. prumpa, 14. eftirsjá, 16. tveir eins, 17. borða, 18. for, 20. frá, 21. faðmlag.

**LÓÐRÉTT**  
1. víðlag, 3. klaka, 4. úða, 5. loka, 7. umorðun, 10. samhliða, 13. víður, 15. heiti, 16. hald, 19. óreiða.

SIGURÐUR HELGASON: GETUR BYRGT ÖKUMÖNNUM SÝN

# Hættuleg typpa-Toyota á götum Reykjavíkurborgar

„Ég held að þeir sem setja lög og reglur um svona nokkuð hafi hreinlega ekki hugkvæmni til að láta sér detta í hug slíkur möguleiki,“ segir Sigurður Helgason hjá Utvarpi Umferðarráðs – einn helsti sérfræðingur Íslands í umferðarmálum og umferðaröryggi.



SÉRSTÆTT HUDD Þessi Toyota 4runner leikur lausum hala í umferðinni eftir því sem næst verður komist.

Starfsmönnum 365 hnykkti við samhliða því sem sérstæð sjón kallaði fram ákveðna tegund kátínu á mánudag. Jeppa hafði verið lagt í stæði við Skaftahlíð 24 en á húdd hans hafði verið boltað risastórt gúmmityppi. Um er að ræða Toyota 4runner, kominn til ára sinna en býsna vígalegan þó. Búið að hækka hann upp í 38 tommu dekk, bensínbíl með 2,4 vél. Áður en tókst að ná tali af eigandanum var jeppinn farinn. Sá sem er skráður fyrir bílnum er Birkir Arnar Jónsson sem er rétt rúmlega tvítugur. Hann kannaðist ekki við bílinn svona skreyttan. „Ég er nýbúinn að selja hann. Gerði það um helgina og fór með eigendaskiptablaðið í gær. Nei, ég veit ekki hver keypti,“ segir Birkir. Hjá Umferðarstofu fengust þær upplýsingar að þangað bærust líklega ekki upplýsingar um nýjan eiganda fyrr en eftir tvo daga. Birkir segist hafa átt bílinn stutt og hafi því ekki bundist honum neinum tilfinningatengslum. Þessi meðferð fer því ekki fyrir brjóstid á honum. „Ég fór eina ferð á honum í Þórsmörk þar sem ég missti hann út af. Grindin brotnaði og ég ætlaði að henda honum en ákvað að selja og fékk fyrir einhvern 75 þúsund kall. Þetta greið var hálf ónýtt þegar ég keypti hann.“

Hann telur líklegt að typpið geti orðið til að trufla menn í umferðinni og þar megi margir ekki við miklu. „Margar aftanákeyrslur hafa orðið þegar menn hafa verið að horfa á eitthvað falllegt uppi á gangstétt. Athyglin þarf að vera á umferðinni en ekki því sem tengist náttúrunni svona beint,“ segir Sigurður sem veit vart hvort hann á að hlæja eða gráta.

„Já, mér liggur við að segja þetta hafa verið á heimaslóðum,“ gantast Ómar R. Valdimarsson fjölmiðlafræðingur. Hann skaut sitt fyrsta hreindýr um helgina og féll það í Sauðárdal skammt frá Kárahnjúkavirkjun, en Ómar R. var einmitt mjög í deiglu fyrir misseri sem upplýsingafulltrúi Impregilo. Ómar bættist nú í hóp frækinnna hreindýraveiðimanna, felldi tarf sem var 84 kíló eftir að búið var að gera að honum. Tarfurinn féll fyrir 150 gramma kúlu úr .308 kalibera Savage riffli. „Þegar ég var í mastersnámi í Bretlandi keypti ég mér hund. Komst svo að því fyrir tilviljun að þetta er veiðihundur, eða ungverskur vizla-hundur. Þegar ég svo kom heim náði ég mér í byssuleyfi og var svo heppinn að fá hreindýraleyfi þegar ég sótti um núna fyrst í vetur.“



SIGURÐUR HELGASON Einhver helsti sérfræðingur landsins um umferðaröryggi segir þetta forkastanlegan flíflaskap.

**LAUSN**  
nahn, 16. tak, 19. rú.  
LÁRÉTT: 1. sté, 3. ís, 4. sprauta, 5. lís, 7. umritun, 10. með, 13. tré, 15. éta, 18. aur, 20. af, 21. knús.

**VEISTU SVARID**

- Svör við spurningum á síðu 8.
- Geirsgata og Mýrargata
  - Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir
  - Við Grundartanga



Sumartónleikar ársins í boði Iceland Express Buena vista social club



Vodafonehöllinni 24. júlí Miðasala á midi.is

hrörlygur Iceland Express með ánægju

# Ómar skýtur við Kárahnjúka

Ómar bættist nú í hóp frækinnna hreindýraveiðimanna, felldi tarf sem var 84 kíló eftir að búið var að gera að honum. Tarfurinn féll fyrir 150 gramma kúlu úr .308 kalibera Savage riffli. „Þegar ég var í mastersnámi í Bretlandi keypti ég mér hund. Komst svo að því fyrir tilviljun að þetta er veiðihundur, eða ungverskur vizla-hundur. Þegar ég svo kom heim náði ég mér í byssuleyfi og var svo heppinn að fá hreindýraleyfi þegar ég sótti um núna fyrst í vetur.“

Ómar segir veiðimenskuna hafa verið gríðarlega spennandi. Hann var með leyfi á svæði eitt og tvö og fyrsta daginn var farið yfir svæðið en veður var slæmt og ekki fundust dýr. Seinni daginn var svo glampanði sól og þá fundu hann og leiðsögumaðurinn Jón Egill fallegan tarfahóp sem þeir eltu lengi. „Óneitanlega var maður „upptjúnaður“ þegar til kastanna kom. Við vorum búnir að elta dýrin lengi, læðast svo að þeim og svo var einn tarfurinn farinn




ÓMAR OG TARFURINN Lánið leikur við Ómar í veiðimenskunni. Hann fékk B-leyfi í haust, skömmu áður en umsóknarfestur um hreindýraleyfi rann út, söttu um og fékk myndir.

ad horfa á okkur þegar við vorum komnir í færi. En sem betur fer hitti ég vel,“ segir Ómar sem nú reynir að telja konu sinni trú um að rétt sé að krúnan fái að hanga fyrir ofan rúm þeirra í svefnherberginu. En gerir ekki ráð fyrir því að hafa erindi sem erfiði hvað það varðar.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Sjónvarpsmaðurinn Helgi Seljan fór til sjós með fjölveiðiskipinu Aðalsteini Jónssyni SU 11 í sumarfríi sínu, eins og DV hefur greint frá, en þar reif Helgi upp 700 þúsund krónur fyrir vikufærð á makríl. Helgi mun hafa ákveðið, þegar hann rétti fyrir misgáning barbjóni í Madrid fimm hundruð kall íslenskar fyrir bjór og sá sagði bara „Jonjon what?“,



horfði á myndina af Jóni Sigurðssyni með skelfingarsvip og rétti Helga aftur, að eitthvað þyrfti að gera til að mæta visareikningi þegar heim kæmi. Nú er kominn arftaki Helga á þetta ágæta veiðiskip og er sá einnig sjónvarpsmaður: Hálfán Steinþórs-son sem meðal annars var með Djúpu laugina og Landsins snjallasti á Skjá einum auk þess að hafa verið meðreiðarsveinn Völu Matt í Veggfóðri.



Sigurður Hall, hinn síkati og geoffeldi sjónvarpskokkur, hefur nú ákveðið að taka við Þjóðleikhúskjallaranum sem yfirkokkur og sá sem rekur eldhúsið þar.

Efnisþáttur er í tónlistartimaritinu Mónitor, í ritstjórn Atla Fannars Bjarkasonar, þar sem lesendur fá að spyrja valda viðmælendur út í hvað eina hefur vakið athygli. Þannig hafa Bubbi, Gillzenegger, Megas og Krummi svarað spurningum af stakri samvisskusemi en það fylgir með í pakkanum að menn verði að svara hvað sem tautar og raular. Næstur er Jakob Frimann Magnússon, Stuðmaður og miðborgarstjóri, og sýnir með því nokkra djörfung því spurningar lesenda eru oft nærgöngular og Jakob, öflugt við hina fjóra, í opinberri stöðu. Þannig að spennandi verður að fylgjast með því.

-jbg

100% 100%

15 ára  
afmælistilboð

Ostborgari  
og Coke

bættu við  
frönskum 189

499

Íspinni fylgir tilboði

GILDIR TIL 15. AUGUST 2008

BARNAÍSINN  
100 kr  
I ALLT SUMAR

FELLSMÚLI SKÚLAGATA GARÐABÆR MJÓDD



**BAKÞANKAR**  
Þórhildar Elínar  
Elínardóttur

## Scenska sumarið

Ef íslenskur almannarómur Egæti njörvað skoðun á þjóðum heims niður í eitt orð yrði niðurstaðan kannski sú að til dæmis væri sú þýska skipulögð, danska afslöppuð, norska trúrækin en írsk, rússneska og grænenska staupsöm. Finnsla þjóðarsálin væri lokuð, bandaríska yfirborðsleg og þannig áfram. Einn fjölmargra viðkunnra sleggjúðma er svo vitaskuld að Svíar séu almennt og yfirhöfuð hroðalega leiðinlegir. Nokkrar hinna örugglega dálítið líka, en samt einkum og sér í lagi sænska þjóðin.


**Í SÉRSTAKRI** rannsóknarferð til Svíþjóðar í sumar lagði ég töluvert púður í að kveða niður eigin þjóðarfordóma en var vakinn og sofinn í að vera viðustyggeleg sænsk alla daga og dró fjölskylduna með í verkefnið. Satt best að segja gekk það furðu vel.

**STRAX** á þriðja degi var ég farinn að tala þrýðilega sænsku með syngjandi góðum framburði. Orðforðinn var raunar nokkuð takmarkaður framanaf, en snáll og brau eru fín orð til uppfyllingar við ýmis tækifæri. Með hrökkbrauð í annarri og Ramlösa í hinni eru Skandínávanum allir vegir færir ef hann kann að segja snáll og brau. Þessu stagi fylgdi reyndar dálítill veruleikaflótti sem kemur sér annars yfirleitt vel í fríum þegar markmiðið er einmitt að frelsa hugann frá hversdagslegum barningi. Í þetta sinnið brast hann á sem óvænt myrkfælni sem passaði hvorki við sumarbjartar nætur né rómantískt umhverfið.

**HIN** sænsku hífýli fjölskyldunnar voru raunar margra alda gömul. Þar marraði í öllum hurðum og brast í hverri fjöl, þetta var áþekkt því að búa í húsi úr Árbæjarsafinu og þannig mjög draugalegt. Laus úr viðjum vanans fór stjórnlaus myndun um voveiflega dauðdaga og fordæmdar sálir á flug. Eftir sólsetur byrjaði ég að anda grunnt og fór ekki fylgdarlaust milli herbergja. Á meðan var skynsemin upptekin við sænsku.

**EFTIR** að hafa ekið vikum saman á Volvo hlustandi á Abba er ég samt sannfærð um að allt skemmtilegt komi frá Svíþjóð og finnst ég myndnari en nokkru sinni fyrr. Nú les ég eingöngu Astrid Lindgren fyrir börnin og Lizu Marklund fyrir sjálfa mig. Niðurtúrinn eftir heimkomuna hefur fjölskyldan svo auðvitað notað í Ikea við að skoða hagnýta innanstokksmuni og borða sænskar kjötbollar.

:-) framan í heiminn




ISLENSKA SÁLJA TOYOTA 06/08

**Þá smælar** heimurinn framan í þig

Við hjá Toyota erum stolt af því að hafa verið hluti af íslensku samfélagi í hartnær 40 ár og hlökkum til að takast á við verkefni morgundagsins, með bros á vör. :-)



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

  
**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er miðvikudagurinn 23.  
júli, 206. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	4.07	13.34	22.59
Akureyri	3.29	13.19	23.06

Heimild: Almanak Háskólans